SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

ÁRSSKÝRSLA 2009

Mynd: Pétur Jónsson.

Hvítserkur.

EFNISYFIRLIT

Stjórn SSNV 4
Starfsmenn SSNV 4
Starfsemi SSNV á árinu 2009 6
Málefni fatlaðra 6
Opnir dagar 2009 7
Ársþing 2009 8
Fundir og ýmis verkefni 9
Menningarsamningur – endurnýjun 9
Byggðaáætlun 2010-2013 11
Starfsendurhæfing 11
Samstarf og fundir 11
SSNV atvinnuþróun 13
Starfsáætlun 2009 14
Verkefni atvinnuráðgjafa 14
Menning-ferðaþjónusta 15
Iðnaður 16
Sjávarútvegur-fiskeldi 17
Dagur atvinnulífsins 17
Brautargengi 18
Samstarf við Háskólann á Hólum 18
Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð 18
Tengslanet kvenna á Norðurlandi vestra 18
Alþjóðlegt samstarf 19
Alþjóðleg athafnavika 19
Samstarf við stofnanir og sveitarfélög 19
Ársreikningur SSNV 21
Ársreikningur SSNV atvinnuþróunar 29
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra 37
Um Vaxtarsamning Norðurlands vestra 38
Úthlutanir styrkja 39
Örstutt yfirlit 2009 55
Ársreikningur NV 61
SSNV málefni fatlaðra 68
Þjónustusvæði - verkefni 72
Helstu verkefni 74
Ársreikningur SSNV 80
HNV heilbrigðiseftirlit 90
Matvælaeftirlit 94
Ársreikningur HNV 97
Menningarráð Norðurlands vestra 106
Inngangur 107
Menningarráð Norðurlands vestra 107
Ársreikningur MNV 124

Stjórn SSNV

Elín R. Líndal	Húnaþingi vestra, *formaður*
Þórdís Friðbjörnsdóttir	Skagafirði, *varaformaður*
Páll Dagbjartsson	Skagafirði
Ágúst Þór Bragason	Blönduósbæ
Björn Magnússon	Húnavatnshreppi

Starfsmenn SSNV

HVAMMSTANGI

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2510
Handsími: 861 7263
Netfang: jon@ssnv.is

Katharina Ruppel, skrifstofa og bókhald
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2522
Netfang: katharina@ssnv.is

Gudrun Kloes, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2515
Handsími: 898 5154
Netfang: gudrun@ssnv.is

SAUÐÁRKRÓKUR

Katrín María Andrésdóttir, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Ráðhúsið Sauðárkróki
Póstfang: Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki
Sími: 455 6043
Handsími: 893 1363
Netfang: kata@ssnv.is

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri
Aðsetur: Faxatorg 1
Póstfang: Faxatorg 1, 550 Sauðárkróki
Sími: 455 6066
Fax: 455 6019
Handsími: 899 4166
Netfang: gretasjofn@ssnv.is

BLÖNDUÓS

Stefán Haraldsson, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
Sími: 455 4300
Handsími: 894 1669
Netfang: stefan@ssnv.is

Baldur Valgeirsson, atvinnuráðgjafi
Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
Sími: 455 4300
Handsími: 892 9101
Netfang: baldur@ssnv.is

Starfsemi SSNV á árinu 2009

Stjórn SSNV 2008-2009 ásamt framkvæmdastjóra.

Starfsemi SSNV árið 2009 var á margan hátt litað þeirri óvissu sem ríkti í þjóðfélaginu vegna erfiðrar stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Stjórn hélt 13 fundi á árinu auk þess sem fundað var með þingmönnum kjördæmisins. Verkefni SSNV snúa að daglegum rekstri málaflokkana atvinnuþróunar, málefnum fatlaðra ásamt hagsmunagæslu fyrir Norðurland vestra. Einnig er rekin þjónustuskrifstofa sem sér um bókhald og launaumsjón heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og fjármálaumsýslu fyrir menningarsamning og vaxtarsamning.

Málefni fatlaðra

SSNV málefni fatlaðra er umsvifamikill málaflokkur sem snýr að nærþjónustu í sveitarfélögunum.Góð sátt hefur ríkt um málaflokkinn og má það trúlega þakka faglegri og góðri stjórnun, skipulagi á framkvæmd þjónustunnar ásamt því að hagstæðir samningar hafa náðst við ríkisvaldið um fjármagn. Framkvæmdastjóri á sæti í þjónustuhópi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Að jafnaði fundar þjónustuhópur 10 sinnum á ári.Í kjölfar áætlunar ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009-2013 var gerð um3% hagræðingarkrafa á þjónustusamning Félags og tryggingamálaráðuneytisins og SSNV frá 2006 eða um 10,2 milljónir króna. Ákvörðun var því tekin um að fela þjónustuhóp um málefni fatlaðra að endurmeta fjárhagsáætlunina og koma með sparnaðarleiðir til stjórnar, lagt var upp með það að ná fram 10,2 m.kr. lækkun rekstarkostnaðar. Við tillögugerðina voru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi.

- Að standa eins og kostur væri vörð um þjónustuna
- Að fækka ekki störfum
- Að horfa sérstaklega til að ná fram varanlegum sparnaði með skipulagsbreytingum.
- Að breytingar kæmu til framkvæmda í ársbyrjun 2010.

Stjórn fjallaði um sparnaðarleiðir á fundi í október og samþykkti áætlun um 13,3 m.kr. sparnaði í rekstri, þar af um 2,3 milljónir vegna yfirstjórnar. Rekstur málefna fatlaðra er þannig samsettur að 94% er launakostnaður og 6% annar rekstrarkostnaður. Nánar er fjallað um rekstur málaflokksins í skýrslu verkefnisstjóra.

Sóknaráætlun 20/20

17. júní 2009.

SSNV er aðili að gerð Sóknaráætlunar 20/20 sem hafin var vinna við sumarið 2009 að frumkvæði ríkisstjórnar Íslands. Markmið sóknaráætlunar er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Ísland skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, byggðaáætlun sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, nr. 90/2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur skal flétta saman áætlanir til að vinna gegn atvinnuleysi, sí- og endurmenntunaráætlanir, aðrar áætlanir í mennta- og menningarmálum, áætlanir um þróun vísinda- og nýsköpunarumhverfisins, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs og áætlanir í umhverfis- og skipulagsmálum. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið sem heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði.

Stjórn SSNV fjallaði um málið og lagði til að Norðurland vestra yrði skilgreint sem sérstakt svæði við gerð sóknaráætlunar, sem síðar varð raunin. Framkvæmdastjóri á sæti í verkefnishóp um gerð sóknaráætlunar landshluti. Hlutverk þess hóps er m.a að vera tengiliður sóknaráætlunar heima í héraði auk framkvæmd svokallaðra þjóðfunda sem haldnir skulu á hverju svæði. Verkefnishópurinn tók til starfa í byrjun nóvember og fundaði nokkrum sinnum á árinu. Áfram verður unnið að verkefninu á árinu 2010 en gert er ráð fyrir að sóknaráætlun verði lögfest á Alþingi á haustþingi 2010.

Opnir dagar 2009

Samstarf SSNV við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Fjórðungssamband Vestfirðinga varðandi aukið samstarf við önnur svæðasamtök sveitarfélaga í Evrópu sem hófst árið 2008 hélt áfram á árinu 2009. Verkefnið er unnið á vettvangi NSPA (e.Northern Sparsely Populated Areas) samstafsnetsins í Brussel. Var í því sambandi sótt um stuðning úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til áframhaldandi þróunar verkefnisins. Var því erindi hafnað en gott samstarf hefur náðst við Evrópuskrifstofu og alþjóðafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi verkefnið.

Frá Blönduósi.

Landshlutasamtökin tóku þátt í Opnum dögum Héraðanefndar Evrópusambandsins sem haldnir voru í Brussel dagana 6-9 október. NSPA samstarfsnetið skipulagði málstofu um endurnýjanlega orkugjafa og hvernig norðurslóðir gæti haft áhrif á efnahagsþróun Evrópuríkja á því sviði. Páll Brynjarsson, formaður SSV flutti erindi fyrir hönd íslensku þátttakendana þar sem reynsla íslendinga af nýtingu jarðhita til kyndingar húsa og raforkuframleiðslu var kynnt. Í heimsókninni til Brussel voru einnig skipulagðir fundir með fulltrúum svæðaskrifstofu Austur Finnlands þar sem tilgangur og starfsemi skrifstofunnar voru kynnt. Þá átti framkvæmdastjóri ásamt fulltrúum SSV fund með fulltrúum stækkunarskrifstofu ESB þar sem farið var yfir möguleika sem geta opnast þegar aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið fara í gang. Þá var starfsemi sendiráðs íslands kynnt og fundað með finnskum og Írskum embættismönnum sem lýstu reynslu sinna þjóða og áhrifum á byggðamál og landbúnaðarmál eftir aðildarviðræður og inngöngu í Evrópusambandið. Fyrir hönd SSNV sóttu framkvæmdastjóri og tveir stjórnarmenn *Opna daga* ásamt starfsmanni Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

Ársþing 2009

17. ársþing SSNV var haldið dagana 21. – 22. ágúst í Menningarhúsinu Miðgarði í boði sveitarfélagsins Skagafjarðar. Á þinginu voru málefni sveitarfélagana til umræðu sem og atvinnu, samgöngu og velferðarmál. Þá var fjallað var um boðaðar breytingar á kosningarlögum til sveitarstjórna. Þá voru þeir málaflokkar sem sveitarfélögin á Norðurlandi vestra standa að í sameiningu til umræðu. Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Stefanía Traustadóttir, fulltrúi Samgönguráðherra ávörpuðu þingið.

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri á Skagaströnd og fulltrúi í lýðræðishópi Sambands Íslenskra sveitarfélaga kynnti starf hópsins. Hlutverk lýðræðishóps var að skoða sérstaklega siðareglur á sveitarstjórnarstigi, kjör sveitarstjórnarmanna, tímasetningu sveitarstjórnarkosninga og lýðræði á sveitarstjórnarstigi með endurskoðun sveitarstjórnarlaga að markmiði.

Magnús Karel Hannesson frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga fjallaði um og kynnti frumvarp til laga um persónukjör. Í erindinu fór Magnús yfir hugmyndafræði og tæknilegar útfærslur á persónukjöri auk þess sem hann kynnti mismunandi aðferðir um persónukjör sem notaðar hafa verð m. a á Norðurlöndunum og á Bretlandseyjum.

Ársþing 2009. Fulltrúar Skagabyggðar og Húnavatnshrepps.

Flosi Eiríksson bæjarfulltrúi í Kópavogi og formaður endurskoðunarnefndar Jöfnunarsjóðs fór yfir starf endurskoðunarnefndarinnar og þær hugmyndir sem þar hafa verið til umræðu. Hlutverk nefndarinnar er að Skoða heildstætt reglur sjóðsins, fjalla um gæði núverandi jöfnunarkerfis og hvernig sjóðurinn þjóni best markmiðum sínum. Þá er nefndinni ætlað að taka mið af tillögum sem fram kunna að koma vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, breytinga á lögum um tekjustofna og hugsanlega sameiningu sveitarfélaga.

Í tengslum við ársþingið voru skipulagðar þrjár málstofur sem fjölluðu um samstarfsverkefni sveitarfélagana á Norðurlandi vestra á sviði atvinnu og byggðamála, menningarmála og auk þess var til umræðu möguleiki á víðtækari samvinnu sveitarfélagana á sviði Velferðarþjónustu. Þar gafst sveitarstjórnarmönnum kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri varðandi málaflokkana og hafa þannig með beinum hætti áhrif á stefnumörkun þeirra.

Þingið samþykkti tillögu frá stjórn og framkvæmdastjóra um að skipaður skuli starfshópur sem kanna á möguleika á auknu samstarfi og samþættingu sveitarfélagana og annarra stofnana á sviði Velferðarþjónustu á Norðurlandi vestra.

Ný stjórn var kjörinn á þinginu; Úr stjórn gengu Gunnar Bragi Sveinsson og Héðinn Sigurðsson. Nýir stjórnarmenn eru Þórdís Friðbjörnsdóttir og Ágúst Þór Bragason. Þá var Elín R. Líndal kjörinn formaður og Þórdís Friðbjörnsdóttir varaformaður. Fyrir í stjórn eru Páll Dagbjartsson og Björn Magnússon.

Fundir og ýmis verkefni

Menningarsamningur – endurnýjun

Á árinu var unnið að endurnýjun Menningarsamnings sem gerður var árið 2007. Fundað var með menntamálaráðherra í marsmánuði þar sem málið var til umræðu. Í framhaldinu voru samskipti við ráðuneytið auk þess sem málið var tekið upp á fundi með þingmönnum og fjárlaganefnd. Þá sótti framkvæmdastjóri ráðstefnuna Menningarlandið sem Menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við menningarráð landsbyggðarinnar boðuðu til í Stykkishólmi í maí mánuði en þar var fjallað um reynsluna af menningarsamningum, árangur þeirra og stefnumótun. Í árslok lá fyrir vilji menntamála og Iðnaðarráðuneytisins til endurnýjunar samningsins til ársloka 2010.

Fundur í Bjarmanesi.

Viljayfirlýsing um eflingu sveitarstjórnarstigsins

Þann 29. september 2010 undirrituðu ráðherra sveitarstjórnarmála og formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga yfirlýsingu um mótun tillagna um leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga.

Í yfirlýsingunni er m.a. kveðið á um eftirfarandi;

„Að skipuð verði fjögurra manna samstarfsnefnd sem fær það hlutverk að ræða og meta sameiningarkosti í hverjum landshluta.

Nefndin kynni sér stöðu mála í einstökum landshlutum og viðhorf sveitarstjórnarmanna og almennings til sameininga og leggi að því loknu fram drög að tillögum um sameiningarkosti í hverjum landshluta. Við mótun tillagna þarf að taka mið af öðrum verkefnum sem miði að því að efla sveitarstjórnarstigið.

Í framhaldi af umræðum og skoðanaskiptum ljúki nefndin tillögugerð sinni sem verði lögð fyrir landsþing eða aukalandsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2010 til umræðu og álits Í framhaldinu mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, með hliðsjón af umræðum og áliti landsþingsins, leggja fyrir Alþingi áætlun um sameiningar sveitarfélaga fram til ársins 2014.

Þann 4. nóvember boðaði SSNV sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra til fundar þar sem yfirlýsingin var tekin til sérstakrar umfjöllunar. Ekki var vilji til þess að leggja út í vinnu við könnun sameiningarkosta á Norðurlandi vestra á þessu stigi en SSNV falið að fylgjast með framvindu mála og miðla upplýsingum til sveitarfélagana.

Samgöngumál

Framkvæmdastjóri og hluti stjórnar sótti samráðsfund Samgönguráðs með sveitarfélögunum á Norðurlandi sem haldinn var á Akureyri í apríl mánuði. Fundurinn var liður í undirbúningi og gagnaöflun vegna gerðar samgönguáætlunar 2011-2022 og var leitað eftir framtíðarsýn sveitarfélagana varðandi ýmsa þætti er snú að uppbyggingu samgöngukerfis.

Í nýrri vegaskrá sem birt var á vef Vegagerðarinnar þann í lok árs 2008. Skráin er sú fyrsta eftir að ný vegalög tóku gildi og voru kynntar veigamiklar breytingar á vegaskránni sem til eru komnar vegna nýrra laga. Framkvæmdastjóri tók saman upplýsingar um áhrif þessara breytinga á sveitarfélög á Norðurlandi vestra með tvennum hætti. Annars

vegar eru upplýsingar um umfang þeirra vega sem kallast þjóðvegir í þéttbýli ásamt upplýsingum um endurgreiðslu vegagerðarinnar samkvæmt sérstökum samningum við sveitarfélögin þar að lútandi. Var þeim upplýsingum komið á framfæri við Samband Íslenskra sveitarfélaga sem stóð í samningaviðræðum við ríkið um þessi mál.

Frá Hvammstanga.

Byggðaáætlun 2010-2013

Á í ársbyrjun 2009 var Stefnumótandi Byggðaáætlun 2010-2013 send hagsmunaaðilum til umsagnar. Í tengslum við umsagnarferlið boðaði Byggðastofnun til fundar með sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi vestra á Blönduósi í lok marsmánaðar. Stjórn og starfsfólk SSNV héldu sérstakan vinnufund að því tilefni þar sem unnin var ítarleg umsögn um drögin. Í umsögn SSNV kom m.a fram að „sá ásetningur að efla samkeppnishæfni landsbyggðar næst ekki fram eingöngu með tilraunum til þess að styðja við nýsköpun til atvinnuuppbyggingar heldur verður taka með í reikninginn eflingu og uppbyggingu innviða s.s samgangna, aðgengis að grunnþjónustu, háhraðatenginga osfrv. Þá þarf að taka með í reikninginn skipulagsáætlanir. Samtvinning þessara þriggja meginstoða ætti svo að leggja til grundvallar Byggðaáætlun“.

Starfsendurhæfing

Framkvæmdastjóri sótti fundi undirbúningshóps vegna stofnunar Starfsendurhæfingar á Norðurlandi vestra.Starfsendurhæfing er úrræði fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Aðilar að starfsendurhæfingunni eru heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög og stéttarfélög á svæðinu auk Vinnumálastofnunar og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. SSNV gerðist stofnaðili að Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra á stofnfundi þann 18. febrúar.

Samstarf og fundir

Sem fyrr er gott samstarf milli landshlutasamtaka sveitarfélagana. Haldnir eru reglubundnir fundir í tengslum við ársþing Samband Íslenskra sveitarfélaga og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Auk þess er haldinn sameiginlegur ársfundur formanna og framkvæmdastjóra sem að þessu sinni var haldinn í Mosfellsbæ í boði Samtaka sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu Landshlutasamtökin í NV kjördæmi sameiginlegt boð sveitarstjórnarmanna og alþingismanna úr kjördæminu í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélagana í október.

Séð vestur yfir Héraðsvötn.

Gott samstarf er við Samband íslenskra sveitarfélaga m.a við lögfræðisvið í umsagnarvinnu við frumvörp. Þá hefur færst í vöxt að landshlutasamtökin skipuleggi margvíslega kynningarfundi á vegum Sambandsins úti um land. Árlegir fundir formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna með stjórn og framkvæmdastjóra Sambandsins eru haldnir í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélagana.

SSNV skipulagði sameiginlegan fund alþingismanna og sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra sem haldinn var í lok október. Á þeim fundi var farið yfir helstu hagsmunamál svæðisins. Þá funduðu formaður og framkvæmdastjóri með fjárlaganefnd alþingis þar sem lögð voru fram sameiginleg hagsmunamál svæðisins.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2008 verið starfrækt verkefni um hagsmunagæslu í úrgangsmálum fyrir sveitarfélög. Á vegum verkefnisins hafa nú verið birtar megináherslur í úrgangsmálum, stefnumótun í þessum málaflokki. SSNV skipulagði kynningarfund fyrir sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra um málið sem haldinn var á Blönduósi í lok maí mánaðar.

Í maí mánuði skipulagði SSNV í samvinnu við Launanefnd sveitarfélaga, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra samráðsfundar um kjaramál og var fundurinn haldinn á Blönduósi.

SSNV atvinnuþróun

Á árinu 2009 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Bæði var um að ræða verkefni sem felast í ráðgjöf við frumkvöðla, fyrirtæki, félög og stofnanir og einnig verkefni sem spretta upp innan veggja SSNV atvinnuþróunar. Lögð er áhersla á að hvetja til samstarfs um ýmis verkefni og hefur samvinna á svæðinu aukist á ýmsum sviðum.

Þá á SSNV atvinnuþróun einnig gott samstarf við aðra aðila í stoðkerfi atvinnulífisins s.s. Vinnumálastofnun, Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög. Náið samstarf er milli SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarráðs Norðurlands vestra um stuðning við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu. SSNV atvinnuþróun kappkostar að veita faglega og hagnýta þjónustu til viðskiptavina. Töluverður hluti af vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við skrif styrkumsókna í hvers kyns opinbera sjóði og renna verulegar upphæðir árlega til aðila á Norðurlandi vestra í gegn um opinbera sjóði. Breytingar urðu á starfsliði SSNV atvinnuþróunar í upphafi árs þegar Haukur Suska Garðarsson lét af störfum. Í marsmánuði var Stefán Haraldsson, véltæknifræðingur ráðinn í starf atvinnuráðgjafa með aðsetur á Blönduósi.

Afkoma félagsins var jákvæð á árinu 2009. Tekjur samanstanda af framlögum sveitarfélaganna uppá 0,63% af samanlögðum stofni fasteignagjalda og útsvars, framlagi samkvæmt samkvæmt samningi Byggðastofunnar og SSNV atvinnuþróunar auk framlaga úr verkefnasjóði. Þá falla til aðrar tekjur. Myndin hér að neðan sýnir þróun tekna og gjalda auk samsetningu tekna á bilinu 2005-2009.



Starfsáætlun 2009

Í árslok 2008 samþykkti stjórn starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2009 sem unnin var af framkvæmdastjóra og starfsfólki.Starfsáætlun byggir á þeim þáttum sem settir eru fram í samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaþróun á Norðurlandi vestra frá 28.12.2007. Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar og atvinnuþróunarstaf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameignlegar áherslur á starfssvæði SSNV
- Uppbygging og gangkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar milli samningsaðila.

Í áætluninni eru tilgreind stefna, markmið og aðgerðir þeirra sjö meginþátta sem samningur SSNV og Byggðastofnunar segir til um, en þeir eru: atvinnu- og byggðaþróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, búsetuþættir, upplýsingaöflun, endurmenntun/samstarf og verkefnasamningar.

Verkefni atvinnuráðgjafa

Í ársbyrjun 2009 var tekið í notkun nýtt fyrirkomulag við verkskráningu sem ætlað er að gera starfið gagnsærra en áður. N ýtist skráningarkerfið einnig til áætlanagerðar. Á árinu 2009 komu starfsmenn að vinnu við 106 verkefni með einum eða öðrum hætti og var meðal vinnustundafjöldi við hvert verkefni 25,5 klst. Að auki unnu atvinnuráðgjafar að átta verkefnum á vettvangi vaxtarsamnings og nam vinnuframlag vegna þeirra alls 439,5 stundum.



Menning-ferðaþjónusta

Skín við sólu Skagafjörður.

Eins og áður er mikil eftirspurn eftir þjónustu við verkefni á sviði ferðaþjónustu og gróska er í nýsköpun innan greinarinnar á Norðurlandi vestra. Mikil tækifæri liggja í uppbygginu ferðaþjónustu á sviði sagnaarfs og hafa nú þegar litið dagsins ljós áhugaverðir sprotar á því sviði og má í því sambandi nefna verkefnin „Á Sturlungaslóð“, „Spákonuarf“ og „Á slóð Vatnsdælasögu“. SSNV atvinnuþróun kom að ráðgjöf varðandi stofnun og uppsetningu ferðamannamarkaðar á Laugarbakka í samstarfi við Grettistak, ferðaþjónustuaðila og fleiri, en mikill áhugi er á hvers kyns heimaframleiðslu, bæði matvælum og handverki.

Mikill áhugi og eftirspurn eftir þjónustu atvinnuráðgjafa sem snýr að hvers kyns heimaframleiðslu og heimagistingu en vafalítið liggja þar vannýtt tækifæri til hvers kyns nýsköpunar og vöruþróunar.

Í samstarfi við Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og Vaxtarsamning Norðurlands vestra var hafinn undirbúningur að gerð stefnumótunar í ferðamálum á Norðurlandi vestra. Nokkur landsvæði hafa þegar unnið slíka stefnumótun eða eru í slíkri vinnu.
Atvinnuráðgjafar vinna margvísleg verkfni með starfandi fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Um er að ræða ýmis konar rekstartengda ráðgjöf s.s áætlanagerð,stefnumótun og markaðsmál.

Efling millilandsflugs til Norðurlands

Vinnuhópur atvinnuþróunarfélaga, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila á Norðurlandi vann vorið 2009 að könnun á möguleikum þess að hefja millilandaflug á heilsársgrunni til Akureyrar frá Kaupmannahöfn og London. Í hópnum áttu sæti Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Þórgnýr Dýrfjörð, Akureyrarstofu og Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi.

Að mati hópsins mun beint flug allt árið frá þessum stórborgum til Norðurlands gefa ferðaheildsölum ný tækifæri þar sem hér er um að ræða NÝJAN áfangastað, áfangastað sem erlendar ferðaskrifstofur hafa sýnt mikinn áhuga á að kynna og selja. Með þessu flugi næst betri nýting á þeirri fjárfestingu sem þegar liggur í innviðum samfélagsins á svæðinu og fjölgun heilsársstarfa.

Frá Skagaströnd.

Að mati Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi mun millilandaflug á heilsársgrundvelli að skapa ferðaþjónustunni á Norðurlandi algjörlega nýjan rekstrargrundvöll, efla arðsemi, nýsköpun og þróun í ferðaþjónustu og hafa jákvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi á landsbyggðinni sérstaklega yfir vetrartímann. Margfeldisáhrif af ferðaþjónustu eru mikil, þar með taldar gjaldeyristekjur og því getur þessi aðgerð ein og sér stuðlað að verulegri atvinnubyggingu á áhrifasvæðum millilandaflugsins. Að auki kemur reglubundið millilandaflug til með að gefa útflutningsfyrirtækjum ný tækifæri til fragtflutninga og lækkunar á flutningskostnaði sem hefur jákvæð áhrif á arðsemi fyrirtækjanna og eykur jafnframt afhendingaröryggi .

Iðnaður

Unnið var að greiningu sóknarfæra í smærri framleiðslufyrirtækjum og unnu atvinnuráðgjafar á Blönduósi og Hvammstanga með forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja varðandi möguleika á auknum umsvifum. Var í því skyni horft til átaks í markaðssókn, klasasamstarfi, vöruþróun og sölu á erlenda markaði.

SSNV hafði samskipti við franskt fyrirtæki varðandi hugsanlega vinnslu kalkþörunga í Miðfirði og Hrútafirði. Fyrirtækinu var veitt rannsóknarleyfi og sumarið 2009 voru gerðar tilraunaboranir úr setinu á botni fjarðanna. Þá eru uppi áform um tilraunadælingu. Niðurstaðna er að vænta á þessu ári.

SSNV atvinnuþróun hefur haft til skoðunar möguleika á framleiðslu innrennslislyfja á Norðurlandi vestra. Heilbrigðisráðuneytið fól starfshópi á vegum Landsspítalans-Háskólasjúkrahúss (LSH) að gera frumathugun á slíkri framleiðslu á vegum spítalans árið 2005 og liggur skýrsla þess starfshóps til grundvallarar í málinu. Markmið með innlendri framleiðslu innrennslislyfja væri einkum að auka hagkvæmni í innkaupum LSH, spara gjaldeyri, auka afhendingaröryggi og fjölga störfum og atvinnumöguleikum hérlendis.

Á síðasta ári komu atvinnuráðgjafar að kvikmyndaverkefnum með þremur aðilum á svæðinu. Svo virðist sem hægt og bítandi sé að byggjast upp þekking og verkefnum að fjölga á sviði kvikmyndagerðar þó vissulega sé ytra umhverfi þeirrar greinar ekki sérlega hagfellt um þessar mundir. Fjölmörg spennandi verkefni virðast framundan á þessum vettvangi og áhugavert að horfa til sérhæfingar sem önnur svæði eru síður að sinna.

Á Degi atvinnulífsins.

Sjávarútvegur-fiskeldi

Nokkurs áhuga gætir á svæðinu varðandi bleikjueldi og kræklingarækt. Atvinnuráðgjafar hafa unnið með nokkrum aðilum að forathugunum á bleikju og kræklingarækt en miklar vonir eru bundnar við að þessar greinar geti skilað umtalsverðum hagnaði á næstu árum hér á landi. Veitt hefur verið ráðgjöf til aðila í Skagafirði og Húnaþingi vestra sem áhuga hafa á bleikjueldi. Þá hefur Sjávarlíftæknisetrið Biopol á Skagaströnd staðið fyrir kortlagningu á mögulegum ræktunarstöðum fyrir krækling í Húnaflóa og innfjarða. Verkefnið hefur verði stutt af Vaxtarsamningi Norðurlands vestra og hefur SSNV atvinnuþróun veitt aðstoð við gerð rekstaráætlana og fleira til frumkvöðla sem hyggjast reyna fyrir sér í tilraunaeldi á kræklingi.

Dagur atvinnulífsins

Þann 15. október stóð SSNV atvinnuþróun fyrir Degi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra sem haldinn var í félagsheimilinu á Blönduósi. Degi atvinnulífsins er ætlað að styrkja tengslin milli starfandi fyrirtækja á svæðinu, hvetja einstaklinga í atvinnurekstri og örva nýsköpun ásamt því að vekja athygli á því sem vel er gert. Fyrirhugað er að Dagur atvinnulífsins verði framvegis árlegur viðburður á Norðurlandi vestra.

Á Degi atvinnulífsins fluttu Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar og Einar Bárðarson umboðsmaður erindi og voru hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar afhent í 10. sinn. Þau fyrirtæki sem tilnefnd voru til hvatningarverðlaunanna stigu á stokk og kynntu starfsemi sína, vörur og þjónustu.

Léttitækni ehf á Blönduósi hlaut verðlaunin að þessu sinni. Fyrirtækið er í eigu Jakobs Jónssonar og Katrínar Líndal á Blönduósi og er stofnað árið 1995. Léttitækni sérhæfir sig í framleiðslu og innflutningi á tækjum til að létta dagleg störf og auka afköst, allt frá léttum vögnum og trillum upp í stóra sérhæfða lyftara. Fyrirtækið hefur frá upphafi haft það að megin markmiði að framleiða og flytja inn vörur til að létta störf og auka afköst starfsmanna í íslenskum fyrirtækjum. Þessi tæki eru nefnd "léttitæki" og af því er nafn fyrirtækisins dregið. Þá er fyrirtækið umsvifamikið í framleiðslu og uppsetningu hillukerfa.

Léttitækni hefur sýnt fram á að fyrirtæki í sérhæfðri framleiðslu geta náð góðum árangri með starfsemi á landsbyggðinni. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa lagt áherslu á vöruþróun með það að markmiði að mæta síbreytilegum þörfum markaðarins. Fyrirtækið hefur vaxið mikið síðustu misseri ekki síst vegna opnunar söludeildar í Reykjavík og aukinnar áherslu á innflutning. Verðlaunagripinn gerði Hrefna Aradóttir handverks- og listakona á Blönduósi. Gripurinn er skorinn út í Húnvetnskan alaskavíði á fæti úr lerkisneið.

Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð.

Brautargengi

Impra-Nýsköpunarmiðstöð Íslands stóð fyrir námskeiðinu Brautargengi á Norðurlandi vestra í samvinnu við SSNV atvinnuþróun. Brautargengi er 70 stunda námskeið sem ætlað er konum sem vilja hrinda í framkvæmd viðskiptahugmyndum sínum í nýju eða starfandi fyrirtæki. Á námskeiðinu vinna konurnar meðal annars að eigin viðskiptaáætlunum og fá margvíslega fræðslu og leiðsögn. 15 konur luku námskeiðinu að þessu sinni og óhætt er að segja að viðskiptahugmyndir þeirra séu fjölbreytilegar og áhugaverðar. Hólmfríður Sveinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir vel unna viðskiptaáætlun vegna viðskiptahugmyndar innan fyrirtækisins: Dýralæknaþjónusta Stefáns Friðrikssonar ehf.

Samstarf við Háskólann á Hólum

SSNV atvinnuþróun og Háskólinn á Hólum héldu áfram starfstarfi sem hófst árið 2008 og snýr að kennslu í markaðsfræði fyrir nemendur í ferðamálafræði. Samstarfið þótti gefa góða raun en markmiðið með aðkomu SSNV-atvinnuþróunar er að styrkja tengsl atvinnulífs og atvinnuþróunar við skólann og nemendur hans.

Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð

Á árinu 2009 var unnið eftir þjónustusamningi SSNV atvinnuþróunar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um rekstarráðgjöf í upplýsingamiðstöð ferðmála í Varmahlíð. Þjónustan snýr að ráðgjöf og eftirliti varðandi starfsmannamál, birgðastýringu og kynningarmál. Á árinu 2010 hafa verkefni tengd upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð hins vegar færst í vaxandi mæli til Markaðs- og þróunarsviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Tengslanet kvenna á Norðurlandi vestra

Þann 19. júní komu um 30 konur á Norðurlandi vestra, saman til undirbúningsfundar vegna stofnunar tengslanets. Til fundarins var boðað af hálfu SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Vinnumálastofnunar- atvinnumála kvenna, en stofnun tengslanetsins hafði verið til umfjöllunar hjá framangreindum aðilum um nokkurt skeið. Til undirbúnings hafði meðal annars verið gerð vefkönnun þar sem berlega kom í ljós vilji kvenna á svæðinu fyrir tengslamyndun af þessum toga. Reynsla annarra svæða af tengslanetum kvenna er sú að þar hefur skapast vettvangur til að styrkja konur faglega og persónulega. Fjölmörg dæmi eru um að konur í atvinnurekstri þakki tengslaneti kvenna velgengni, stuðning og viðskipti.

Alþjóðlegt samstarf

SSNV atvinnuþróun er aðili að alþjóðlega þróunarverkefninu Retail in Rural Regions hefur það markmið að styrkja verslun í dreifbýli sem víða stendur höllum fæti á norðlægum slóðum. Verkefnið er sett upp til þriggja ára (2009-2011) og styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norræna Atlandssamstarfinu (NORA).

Fundur í athafnaviku.

Með verkefninu er ætlunin að koma á ráðgjafa- og fræðsluþjónustu fyrir þá sem reka litlar verslanir í dreifbýli, byggja upp faglega þekkingu og hæfni verslunarfólks og ráðgjafa. Stefnt er að því að styðja sem flestar verslanir og leita hagkvæmra lausna, þannig verði t.d. samnýttir verði fleiri þjónustuþættir sem styrkja verslunarreksturinn (multifunctional shops). Þá verði í verkefninu komið ábendingum til stjórnvalda um hvaða stuðningur komi sér best fyrir þessar verslanir.

Í lok verkefnistímans er ætlunin að minnst þrjár íslenskar verslanir hafi fengið stuðning sem leiði til betri rekstrar auk þess til verði aðgengilegt fræðslu- og ráðgjafarefni sem nýta megi hérlendis í þjónustu við verslanir og eigendur þeirra. Þátttökuþjóðir eru Finland, Ísland, Írland, Færeyjar, Skotland, Norður Írland, Noregur og Grænland.

Rannsóknarsetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst er aðili að verkefninu fyrir Íslands hönd en innlendir þátttakendur eru Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (ATTHING), Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (ATVEST) og SSNV-atvinnuþróun.

Alþjóðleg athafnavika

Á haustdögum gekkst SSNV atvinnuþróun fyrir viðburðum á öllu svæðinu í samstarfi við Vinnumálastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Vaxtarsamning Norðurlands vestra, Menningarsamning Norðurlands vestra, Byggaðstofnun og Virkju – Norðvesturkonur. Tilefnið var alþjóðleg athafnavika 16. – 22. nóvember en markmiðið með þeirri viku var að tengja saman fólk og hugmyndir um allan heim, þvert á öll landamæri og menningarstrauma, til að efla hagsæld og bæta líf fólks. Haldnir voru fundir á Blönduósi, Hvammstanga og Sauðárkróki og var þátttaka góð. Fjölmargar áhugaverðar hugmyndir voru settar fram og enn er unnið að útfærslu og eftirfylgni þeirra.

Samstarf við stofnanir og sveitarfélög

SSNV atvinnuþróun kappkostar að vera í góðu og nánu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Atvinnuráðgjafi í Skagafirði situr reglulega fundi markaðs og þróunarsviðs

Úr Skagafirði.

sveitarfélagsins og atvinnuráðgjafi í Húnaþingi vestra heldur utan um viðburðadagatal á heimsíðu sveitarfélagsins.

Sem fyrr er gott samstarf milli SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar. Stofnunin er samningsaðili fyrir hönd ríkisins við atvinnuþróunarfélögin í landinu. Í samstarfi við stofnunina var unnið að greiningu vinnusóknarsvæða á Norðurlandi vestra en vinnusóknarsvæði er skilgreint sem sú vegalegnd sem einstaklingur sækir daglega vinnu. Gerðar hafa verið rannsóknir á þessu fyrirbæri erlendis sem á enskri tungu nefnist ,,pendling“ Ýmsilegt getur haft áhrif á stærð vinnusóknarsvæða, má þar nefna eldsneytisverð, samgöngubætur, launakjör og atvinnuástand svo nauðsynlegt er að skoða þróun á vinnusóknarsvæðum yfir lengra tímabil til að greina helstu áhrifaþætti.

Byggðastofnun stendur árlega fyrir sameiginlegum fundi framkvæmdastjóra atvinnuþróunarfélaganna og var hann að þessu sinni haldinn á Hótel Örk í Hveragerði í aprílmánuði.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Ársreikningur 2009

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 7.245 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 32.026 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðaferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 20. apríl 2010

KPMG hf.

Kristján Jónasson
Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Margeir Friðriksson
Guðrún Reynarsd.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	Áætlun	2008
Rekstrartekjur:				
Jöfnunarsjóður		16.392.000	17.292.000	17.443.311
Aðrar tekjur		10.135.522	10.207.200	11.040.827
		26.527.522	27.499.200	28.484.138
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	11.127.346	12.471.855	11.918.980
Stjórnunarkostnaður		10.862.722	14.456.491	11.964.589
		21.990.068	26.928.346	23.883.569
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.537.454	570.854	4.600.569
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		3.133.004	0	2.951.752
Fjármagnstekjuskattur		(383.879)	0	(294.984)
Vaxtagjöld		(41.977)	0	(50.458)
		2.707.148	0	2.606.310
Rekstrarniðurstaða ársins	4	7.244.602	570.854	7.206.879

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Krafa á tengda aðila		7.712.947	0
Viðskiptakröfur		250.000	250.000
Aðrar kröfur		247.209	211.162
Handbært fé		25.395.937	25.947.055
Veltufjármunir samtals		33.606.093	26.408.217
Eignir samtals		33.606.093	26.408.217
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		32.026.390	24.781.788
Eigið fé samtals	4	32.026.390	24.781.788
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		797.097	203.502
Aðrar skammtímaskuldir		782.606	1.422.927
Skammtímaskuldir samtals		1.579.703	1.626.429
Eigið fé og skuldir samtals		33.606.093	26.408.217

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	4	7.244.602	7.206.879
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		(7.748.994)	(153.421)
Skammtímaskuldir, lækkun		(46.726)	(190.843)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(7.795.720)	(344.264)
Handbært fé (til) frá rekstri		(551.118)	6.862.615
Breyting á handbæru fé		(551.118)	6.862.615
Handbært fé í ársbyrjun		25.947.055	19.084.440
Handbært fé í lok ársins		25.395.937	25.947.055

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. ***Fjárhagsáætlun***

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun framkvæmdastjóra	7.516.479	7.115.384
Stjórnarlaun (5)	1.804.900	2.862.761
Launatengd gjöld	1.686.123	1.769.908
Annar starfsmannakostnaður	119.844	170.927
	11.127.346	11.918.980

3. Skuldbindingar

Á árinu 2008 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina TZ K65. Samningurinn gildir til 05.05.2011. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samningsins á árinu nema um 1.095 þús. kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	24.781.788
Rekstrarniðurstaða ársins	7.244.602
Staða 31.12.2009	32.026.390

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstrartekjur	26.528	28.484	27.762	22.876	20.445
Rekstrargjöld án afskrifta	(21.990)	(23.884)	(23.657)	(17.130)	(19.455)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	4.537	4.601	4.105	5.746	990
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.707	2.606	1.183	667	279
Rekstrarniðurstaða ársins	7.245	7.207	5.289	6.413	1.269
Efnahagur:					
Skammtímakröfur	8.210	461	308	5.059	307
Handbært fé	25.396	25.947	19.084	8.361	16.063
Eignir samtals	33.606	26.408	19.392	13.420	16.370
Eigið fé	32.026	24.782	17.575	12.286	5.873
Skammtímaskuldir	1.580	1.626	1.817	1.134	10.497
Eigið fé og skuldir samtals	33.606	26.408	19.392	13.420	16.370
Kennitölur:					
Handbært fé (til) frá rekstri	(551)	6.863	10.724	(7.703)	11.169
Veltufjárhlutfall	21,3	16,2	10,7	11,8	1,6
Eiginfjárhlutfall	1,0	0,9	0,9	0,9	0,4

Sundurliðanir

	2009	Áætlun	2008
Rekstrartekjur:			
Jöfnunarsjóður	16.392.000	17.292.000	17.443.311
Árgjald sveitarfélaga	1.221.168	1.457.200	1.430.060
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	8.914.354	8.750.000	9.439.147
Aðrar tekjur	0	0	171.620
	26.527.522	27.499.200	28.484.138
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Laun framkvæmdarstjóra	7.516.479	7.400.000	7.115.384
Laun stjórnar	1.804.900	3.146.631	2.862.761
Mótframlag í lífeyrissjóð	832.902	991.731	980.318
Tryggingagjald	690.930	707.715	648.833
Sjúkra- og orlofssjóður	162.291	0	140.757
Annar starfsmannakostnaður	119.844	225.778	170.927
	11.127.346	12.471.855	11.918.980
Annar rekstrarkostnaður:			
Sérfræðiaðstoð m. vsk.	97.000	450.000	1.394.923
Þátttaka annarra í kostnaði við ársreikning	0	0	(361.204)
Bókhaldsaðstoð	1.766.647	2.000.000	1.731.103
Bifreiðakostnaður	1.973.395	1.250.000	2.022.182
Endurgreiddur akstur	332.212	0	563.487
Dagpeningar	566.533	900.000	702.979
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	765.059	1.150.000	890.208
Fargjöld og dvalarkostnaður	903.261	1.200.000	835.545
Húsaleiga	845.615	700.000	732.838
Sími	575.629	620.000	571.166
Netþjónusta	316.476	616.491	409.734
Rekstur tölvukerfis	362.130	380.000	285.527
Höfðabraut 6, sameign, ræsting og viðhald	356.486	350.000	291.472
Pappír, prentun og bréfabindi	804.235	450.000	784.953
Auglýsingar	206.875	400.000	174.114
Akeypt endurskoðun	121.025	135.000	123.051
Póstburðargjöld	145.207	180.000	189.451
Ábyrgðartryggingar	155.326	135.000	129.826
Styrkir og framlög	294.396	100.000	26.054
Viðhald skrifstofubúnaðar	0	200.000	197.000
Heimasíða	117.394	500.000	200.803
Bækur, tímarit og blöð	78.854	75.000	64.664
Akstur og flutningar	2.769	15.000	3.922
Annar kostnaður	76.198	0	791
Kostnaður vegna verkefna	0	800.000	0
Rekstur bifreiða	0	1.850.000	0
	10.862.722	14.456.491	11.964.589

SSNV atvinnuþróun

Ársreikningur 2009

SSNV atvinnuþróun
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 3.830 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 19.907 þús. kr.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Stjórn:

Elín R. Líndal
Páll Dagbjartsson
Þórður Ólafsson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Friðbjörnsd

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskar Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SSNV atvinnuþróunar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 20. apríl 2010

KPMG hf.

Kristján Jónasson
Ragna Sigurð Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróunar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Margrét Friðriksdóttir
Guðrún Reynarsd.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2009 Áætlun	2008
Rekstrartekjur:				
Árgjöld sveitarfélaga		15.890.877	14.381.526	15.104.511
Aðrar tekjur		20.645.137	21.500.000	21.922.550
		36.536.014	35.881.526	37.027.061
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	19.416.408	21.907.730	20.876.069
Annar rekstrarkostnaður		14.817.015	13.157.738	13.681.544
		34.233.423	35.065.468	34.557.613
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		2.302.591	816.058	2.469.448
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		2.419.330	0	2.494.894
Fjármagnstekjuskattur		(299.725)	0	(247.166)
Vaxtagjöld		(591.933)	0	(586.825)
		1.527.672	0	1.660.903
Rekstrarniðurstaða ársins		3.830.263	816.058	4.130.351

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Eignarhlutir í félögum	3	0	550.000
Fastafjármunir samtals		0	550.000
Viðskiptakröfur		0	66.534
Aðrar viðskiptakröfur		0	6.268
Handbært fé		27.739.668	24.725.527
Veltufjármunir samtals		27.739.668	24.798.329
Eignir samtals		27.739.668	25.348.329
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	4	19.907.156	16.076.893
Eigið fé samtals		19.907.156	16.076.893
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		630.603	1.184.181
Skuld við tengd félög		6.611.209	0
Aðrar skammtímaskuldir		590.700	8.087.255
Skammtímaskuldir samtals		7.832.512	9.271.436
Skuldir samtals		7.832.512	9.271.436
Eigið fé og skuldir samtals		27.739.668	25.348.329

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	3	3.830.263	4.130.351
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Niðurfærð hlutabréf		550.000	550.000
Veltufé frá rekstri		4.380.263	4.680.351
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		72.802	2.192.411
Skammtímaskuldir, lækkun		(1.438.924)	(65.247)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(1.366.122)	2.127.164
Handbært fé (til) frá rekstri		3.014.141	6.807.515
Hækkun á handbæru fé		3.014.141	6.807.515
Handbært fé í ársbyrjun		24.725.527	10.284.075
Yfirtekið handbært fé vegna samruna við SSNV iðnþróunarsjóð		0	7.633.937
Handbært fé í lok ársins		27.739.668	24.725.527

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. ***Fjárhagsáætlun***

Fjárhagsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun	16.918.978	18.401.527
Launatengd gjöld	2.497.430	2.474.542
	19.416.408	20.876.069
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4	5

3. Eignarhlutur í félögum

Félagið á eignarhlut í Snorra Þorfinnssyni ehf., að nafnverði 1.100 þús. kr. sem bókaður er á 0 kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	16.076.893	16.076.893
Rekstrarniðurstaða ársins	3.830.263	3.830.263
Staða 31.12.2009	19.907.156	19.907.156

5. Önnur mál

Á árinu 2008 undirritaði félagið samning um framlög til Vaxtasamnings Norðurlands vestra. Félagið skuldbindur sig til að greiða tvær milljónir á ári sem bein fjárframlög á árunum 2008, 2009 og 2010 eða samtals 6 millj. kr. Í árslok 2009 nam skuldbindingin 2 millj. kr. en hún er ekki færð í efnahagsreikninginn.

Skýringar, frh.:

6. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstrartekjur	36.536	37.027	36.739	31.089	30.253
Rekstrargjöld	(34.233)	(34.558)	(31.425)	(29.272)	(24.540)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.303	2.469	5.314	1.817	5.713
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.528	1.661	1.047	682	503
Framlag til SSNV lðnþróunarsjóðs	0	0	(6.361)	(2.499)	(6.216)
Hagnaður ársins	3.830	4.130	0	0	0
Efnahagur:					
Fastafjármunir	0	550	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	0	73	2.265	82	1.498
Handbært fé	27.740	24.726	10.284	7.225	18.573
Eignir samtals	27.740	25.348	12.549	7.307	20.071
Eigið fé	19.907	16.077	0	0	0
Skammtímaskuldir	7.833	9.271	12.549	7.307	20.071
Eigið fé og skuldir samtals	27.740	25.348	12.549	7.307	20.071

7. Kennitölur

Veltufé frá rekstri	4.380	4.680	0	0	469
Handbært fé (til) frá rekstri	3.014	6.808	(1.500)	572	4.004
Veltufjárhlutfall	3,54	2,67	1,00	1,00	1,00
Eiginfjárhlutfall	0,72	0,63	0,00	0,00	0,00

Sundurliðanir

Laun og launatengd gjöld:	2009	2009 Áætlun	2008
Laun	16.918.978	18.700.000	18.401.527
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.643.618	1.870.000	1.779.815
Tryggingagjald	1.195.573	1.082.730	1.137.433
Sjúkra- og orlofssjóður	339.018	250.000	244.654
Þátttaka í launagreiðslum	(680.779)	5.000	(687.360)
	19.416.408	21.907.730	20.876.069

Annar rekstrarkostnaður:			
Þátttaka í rekstri SSNV	6.664.354	6.500.000	7.279.448
Framlag til Vaxtasamnings NLV	2.000.000	0	654.650
Kostnaður vegna verkefna	1.928.223	2.000.000	1.465.320
Rekstur tölvukerfis	170.019	307.738	222.093
Bækur, tímarit og blöð	52.554	50.000	32.360
Ritföng, pappír og prentun	193.925	100.000	94.502
Sími, burðargjöld og áskriftargjöld	465.845	650.000	563.782
Auglýsingar	299.874	400.000	366.099
Fundir, ráðstefnur og námskeið	325.065	450.000	290.770
Fargjöld og dvalarkostnaður	241.238	500.000	271.388
Dagpeningar	690.000	750.000	735.323
Bifreiðastyrkur	931.776	750.000	1.118.912
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	494.995	200.000	212.800
Sérfræðiaðstoð	202.400	350.000	208.750
Styrkir og framlög	136.549	0	99.723
Annar kostnaður	20.198	150.000	65.624
	14.817.015	13.157.738	13.681.544

VAXTARSAMNINGUR
NORÐURLANDS VESTRA

Ársskýrsla og ársreikningur 2009

Þórólfur sleggja. Teikning: Ingólfur Örn Björgvinsson.

Um Vaxtarsamning Norðurlands vestra

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra var undirritaður þann 14. janúar 2008. Markmiðin með samningnum eru að efla atvinnulíf og byggðaþróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar. Þetta skal einkum gert með eflingu nýsköpunar og vaxtar fyrirtækja og stofnana á svæðinu í gegnum klasasamstarf, með áherslu á tvö svið:

- *Menntun og rannsóknir* þar sem áhersla verður m.a. lögð á auðlindaliftækni og uppbyggingu þekkingarsetra sem þjóna muni öllu svæðinu.
- *Menning og ferðaþjónusta.*

Samningurinn er til þriggja ára og er iðnaðarráðuneytið skuldbundið til að greiða árlega 30 milljónir króna til verkefnisins, og þannig samtals kr. 90 milljónir á samningstímanum.

Samningnum fylgir viðaukasamningur við fyrirtæki og stofnanir um aðkomu að verkefninu, í formi fjármagns, sérfræðivinnu eða aðstöðu. 17 fyrirtæki og stofnanir eru aðilar að samningnum og nema framlög þeirra samtals um 56,4 milljónum króna á samningstímanum. Listi yfir þau er á vef Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, www.vnv.is.

Stjórn

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra skipa:

Arnar Þór Sævarsson, formaður, Blönduósi
Pétur Friðjónsson, varaformaður, Sveitarfélaginu Skagafirði
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, ritari, Húnaþingi vestra
Arna Björg Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðmundur H. Sigurðsson, Húnaþingi vestra
Steindór Haraldsson, Skagaströnd
Unnar Ingvarsson, Sveitarfélaginu Skagafirði

Stjórnin fundaði alls níu sinnum á árinu 2009, og eru allar fundargerðir birtar á vef Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, www.vnv.is. Að öðru jöfnu eru fundir haldnir fyrsta fimmtudag í viðkomandi mánuði.

Sýn

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra hefur þá sýn að árið 2020 verði

- ferðaþjónusta á Norðurlandi vestra þekkt fyrir öfluga samvinnu, góða þjónustu og fjölbreytt framboð afþreyingar árið um kring, með áherslu á
  - hestatengda ferðaþjónustu
  - sögutengda ferðaþjónustu
  - ferðaþjónustu tengda útivist og náttúru
  - handverk
- til staðar á Norðurlandi vestra öflugur klasi þekkingarsetra er tengi saman atvinnulíf

og rannsóknir á sviði bættrar nýtingar afurða úr landbúnaði og sjávarútvegi, með sérstaka áherslu á auðlindaliftækni þar sem við á.
- til staðar á Norðurlandi vestra klasi rannsóknarsetra er tengist ferðaþjónustu og styrki þannig atvinnugreinina jafnfram t því að fjölga möguleikum í rannsóknatengdu námi.
- Norðurland vestra eftirsóknarverður búsetukostur m. t. t. fjölbreyttra atvinnutækifæra og afþreyingar.
- fjölbreyttir möguleikar til rannsóknatengds framhaldsnáms í boði á Norðurlandi vestra.

Aðsetur

Framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Norðurlands vestra er Hjördís Gísladóttir. Aðsetur er í húsnæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Faxatorgi 1, 550 Sauðárkróki, sími 455 7931. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf og önnur samskipti fyrir hönd VNV, og sér um daglegan rekstur. SSNV heldur utan um bókhald og fjárreiður, og skoðast það sem hluti af framlagi sambandsins til samningsins.

Vefur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra er á www.vnv.is.

Starfsemi 2009

Auk umsýslu vgna úthlutunar styrkja og stuðnings við styrkþega, tekur framkvæmdastjóri þátt í ýmiss konar öðrum verkefnum, ýmist að eigin frumkvæði, stjórnar VNV eða annarra. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu liðum starfsins árið 2009.

Úthlutanir styrkja

Á árinu 2009 var tvisvar auglýst eftir umsóknum um styrki úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Sjá nánar *töflu 1*.

Tafla 1. Upphæðir umsókna á árinu 2009. Hér er einvörðungu taldar umsóknir um fjárframlög, ekki sérfræðiaðstoð. Ath. að í einhverjum tilvikum kann að vera sótt tvisvar um stuðning við sama verkefnið.

	Mars	Október
Fjöldi umsókna	26	16
Upphæð áætlana	284.808.497	73.263.000
Upphæð umsókna	54.682.920	33.392.000
Hlutfall af áætlun	19%	46%
Fjöldi veittra styrkja	10	11
Upphæð veittra styrkja	12.500.000	15.000.000
Hlutfall af umsóknum	23%	45%

Í *töflu 2* er gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem hlutu vilyrði um fjárhagsaðstoð frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra á árinu 2009. Öll verkefnin uppfylltu skilyrði um samstarf, þó hér sé einungis aðalumsækjandi tíundaður.

Tafla 2. Loforð um fjárframlög á árinu 2009.

Nr.	Aðalumsækjandi	Verkefni	Upphæð, kr.
302	Umhverfið þitt ses.	Lífdísilframleiðsla í Skagafirði	2.500.000
303	Umhverfið þitt ses.	Undirburður fyrir hross	
305	Ferðamálafélag V.-Hún.	Sumarmarkaður í Grettisbóli	500.000
311	Sögusetur íslenska hestsins ses.	Undirbúningur og hönnun grunn-sýningar Sögusetur íslenska hestsins	3.000.000
316	Matís ohf.	Nýting ostamysu í heilsutengd matvæli – frh.	1.000.000
317	Útsaumur í sveitinni	Vatnsdæla á refli	500.000
318	Textílsetur Íslands ses.	Uppbygging handverksnámskeiða	500.000
323	Félag ferðaþj. í Skagafirði	Á Sturlungaslóð	1.500.000
324	Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.	Rannsóknir á beitukóngi í Húnaflóa – frh.	1.500.000
328	Ferðamálafélag V.-Hún.	Á selaslóðum	1.500.000
401	Klasinn Á Sturlungaslóð	Á Sturlungaslóð í Skagafirði – frh.	1.500.000
402	Selasetur Íslands ehf.	Wild North – frh.	2.500.000
404	Klasinn Hýruspor	Uppbygging klasans – frh.	1.500.000
406	Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.	Ástand hörpudisks í Húnaflóa	500.000
407	Hólaskóli, Háskólinn á Hólum	Efnahagslegt umfang, mikilvægi og eðli hestamennsku á Norðurlandi vestra	1.500.000
408	Skotta kvikmyndafjelag	Location North	1.000.000
410	Náttúrustofa Norðurlands vestra	Fuglar og fuglaskoðun á Norðurlandi vestra. Gerð fuglaskoðunarkorts/-bæklings.	1.000.000
411	Hagfélagið hf.	Þekkingarsetur á Hvammstanga	1.000.000
413	Verið- Vísindagarðar ehf.	Áhrif hitastigs á vöxt og orkubúskap bleikju	2.500.000
415	Félag ferðaþj. í Skagafirði	Ferða- og bókunarmiðst. Skagafj. – frh.	1.500.000
416	Virkja - Norðvesturkonur	Uppbygging tengslanets	500.000
		Samtals styrkloforð	27.500.000

Eins og sjá má af töflunni er í sumum tilvikum um að ræða framhaldsstyrk til verkefna, sem vel ganga en eru þó enn ekki sjálfbær.

Reynt er að framselja sérfræðiframlög eftir því sem kostur er, en misjafnt er hvernig gengur að nýta þau, enda fer það eftir eðli viðkomandi verkefna hvort og þá hvernig slík framlög geta komið að gagni. Nefna má að allmörg verkefnanna njóta einhvers konar aðstoðar frá atvinnuráðgjöfum SSNV, eins og lesa má úr ársskýrslu/tímaskráningu

Mynd 1. Frá samráðsfundi á Hveravöllum í júní.
Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

SSNV atvinnuráðgjafar. Þar ber hæst ráðgjöf við *Hveravallafélagið*, en t. d. einnig við *BioPol* ehf. og *Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði*. Hólaskóli, Háskólinn á Hólum hefur m. a. lagt *Hýrusporinu* til rannsóknavinnu vegna hestatengdrar ferðaþjónustu og hann kemur að fleiri verkefnum. Framlag Forsvars ehf. hefur verið nýtt af Selasetri Íslands, í tengslum við *Wild North*. Ýmiss konar samstarf hefur verið við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og hefur hún m. a. lagt vinnu í *Location North* og *Hýrusporið*. Framlag Versins hefur fyrst og fremst nýst í verkefnið um *bleikjueldi í smáum stíl*. BioPol hefur lagt fram vinnu við *kræklingaverkefnið*. Veiðmálastofnun og Selasetur Íslands hafa komið að undirbúningi að stofnun *Hins íslenska laxaseturs*. Framlög Byggðastofnunar og Menningarráðs Norðurlands vestra hafa fyrst og fremst verið í formi samráðs og samstarfs. Framlag Útflutningsmiðstöðvar fyrir samningstímann allan var fullnýtt á árinu 2008, með verkefninu *Frá hugmynd til markaðar*. Eina sérfræðiframlagið sem ekki tókst að nýta að neinu leyti á árinu 2009 var framlag Háskólans á Bifröst, en vonast er til að það standi til bóta, með rannsókn Hólaskóla, Háskólans á Hólum um *efnahagslegt umfang, mikilvægi og eðli hestamennsku á Norðurlandi vestra*.

Þess ber að geta að í samningum við styrkþega er ákvæði þess efnis að veita beri Vaxtarsamningi Norðurlands vestra nauðsynlegar upplýsingar um framvindu verkefnisins ársfjórðungslega meðan á því stendur og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að fylgja ákvæði þessu eftir. Auk þess leggur hann einstökum verkefnum lið, eftir því sem við á og/eða eftir er leitað. Í því sambandi má nefna ýmiss konar aðstoð, t. d. við *Hýrusporið*, *Á Sturlungaslóð* og *Hveravelli*, prófarkalestur og ráðgjöf við textagerð *Landnáms Ingimundar gamla* o.fl.

Eins og áður hefur komið fram, skulu megináherslur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra annars vegar beinast að *menntun og rannsóknum*, og hins vegar að *ferðaþjónustu og menningu*. Í samningnum er sérstaklega getið um *uppbyggingu þekkingarsetra* og *myndun klasa*. Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra hefur talið vænlegra til árangurs varðandi klasamyndun að hún byrji neðan frá, og samstarfsnetið byggist smátt og smátt upp, um leið og það þéttist.

Mynd 1. Frá samráðsfundi á Hveravöllum í júní.
Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

Úr *töflu 3* má lesa tengingar þeirra verkefna, er hlutu styrk á árinu 2009, við skilgreind styrkleikasvið Norðurlands vestra, að mati stjórnar Vaxtarsamningsins. (Sambærileg tafla vegna verkefna árið 2008, er birt á bls. 14 í fyrri ársskýrslu).

Tafla 3. Tenging verkefna við áherslur VNV og styrkleika svæðis.

Nr. verkefnis	302	303	305	311	316	317	322	323	324	328	401	402	404	406	407	408	410	411	413	415	416
Menntun og rannsóknir	X	X		X	X	X	X		X			X		X	X		X	X	X		
Auðlinda-líftækni	X				X														X		
Tenging atvinnulífs og rannsókna	X	X		X	X				X			X		X	X				X		
Uppbygging þekkingarsetra	X	X		X	X	X	X		X			X		X			X	X	X		
Tenging við Hólaskóla	X			X				X			X	X	X		X		X		X		
Tenging við opinberar stofnanir á svæðinu	X				X							X					X		X		X
Ferðaþjónusta og menning			X	X		X	X	X		X	X	X	X		X	X	X			X	
Íslenski hesturinn		X	X	X									X		X					X	
Sagnaarfurinn			X	X		X		X			X		X							X	
Náttúran										X		X	X			X	X			X	
Annað (hand-verk, matur úr héraði, fjöls. ferðamannast.)			X	X		X	X	X		X	X		X		X					X	

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir því, hvernig styrkveitingar samningsins falla að þessum áherslusviðum og hvernig sjá má fyrir sér að þær stuðli að uppbyggingu klasa. Rétt er að vekja athygli á að einstök verkefni geta komið við sögu á fleiri en einni kvísl. Verkefnin eru auðkennd með númerum, þar sem fyrsti tölustafurinn segir til um hvenær styrkurinn var veittur (verkefni sem hefjast á 1 eða 2 hlutu styrkloforð á árinu 2008, en hefjist númerin á 3 eða 4, hefur loforðið verið veitt á árinu 2009).

A. Menntun og rannsóknir

Segja má að í stórum dráttum megi skipta í tvennt rannsóknum þeim, sem Vaxtarsamningur Norðurlands vestra veitir stuðning: Annars vegar hagnýtar rannsóknir tengdar grunnatvinnuvegunum og hins vegar rannsóknir á málefnum er varða ferðaþjónustu og menningu.



Mynd 3. Klasauppbygging tengd rannsóknum og menntun.

Hér verða verkefnum í fyrrnefnda flokknum gerð nokkur skil, en þau sem tengjast ferðaþjónustunni eru tíunduð með öðrum verkefnum í þeim málaflokki.

Í Vaxtarsamningi Norðurlands vestra er kveðið á um þátttöku í uppbyggingu þekkingarsetra. Enn sem komið er, er fyrst og fremst hægt að tala um tvo kjarna rannsóknastarfsemi á svæðinu, annars vegar á Sauðárkróki og hins vegar á Skagaströnd. Þó ber þess að geta að víðar á Norðurlandi vestra er unnið að uppbyggingu rannsókna og aðstöðu til slíkrar starfsemi, til dæmis á Hvammstanga þar sem Vaxtarsamningurinn tók þátt í undirbúningi að opnun rannsóknaaðstöðu Selaseturs Íslands (*verkefni nr. 104*). Einnig má nefna að unnið er að uppbyggingu ýmiss konar rannsóknastarfsemi á Blönduósi. Sívaxandi samvinna er milli allra þessara rannsóknasetra, sem og við Hólaskóla, Háskólann á Hólum, aðra háskóla og ýmsar stofnanir, bæði innan og utan Norðurlands vestra.

Mynd 4. Starfsmaður Selaseturs Íslands við rannsóknir á selum. Ljósm. af vef Selaseturs.

Vaxtarsamningurinn hefur ekki síst litið til verkefna sem leitt gætu til bættrar nýtingar og aukinnar virðingar fyrir náttúrunni.

Í *Verinu* á Sauðárkróki er aðsetur fiskeldis- og fiskalíffræðideildar Hólaskóla, Háskólans á Hólum. Auk þess fer smátt og smátt fjölgandi þeim stofnunum og fyrirtækjum sem þar koma sér fyrir. Nefna má starfsstöðvar Matís og Impru, Umhverfið þitt og IceProtein. Í næsta nágrenni Versins eru m. a. afurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga og FISK Seafood, þannig að segja má að á *Eyrinni* séu kjöraðstæður til ýmiss konar matvælarannsókna. Vaxtarsamningurinn kemur að nokkrum af þeim rannsóknarverkefnum sem þarna er unnið að:

Miklar vonir eru bundnar við *bleikjueldi* í Skagafirði. Vaxtarsamningurinn hefur stutt við verkefni, þar sem kannaðar eru forsendur fyrir bleikjueldi í smáum stíl, á nokkrum bújörðum í héraðinu og unnið er fyrst og fremst af Hólamönnum. Af sama meiði er rannsókn á áhrifum hitastigs á vöxt og orkubúskap bleikju, þar sem Matís ohf. er í lykilhlutverki. Bæði þessi verkefni eru í umsjón framkvæmdastjóra Versins.

Árlega er milljónum lítra af mysu veitt í hafið. Vaxtarsamningurinn styður rannsóknir *Matís ohf.* og fleiri á nýtingu *ostamysu* í heilsutengd matvæli, í líftæknismiðjunni í Verinu.

Umhverfið þitt ses. ber ábyrgð á tveimur af þeim rannsóknaverkefnum, sem styrkt eru af VNV, annars vegar á nýtingu hálms sem *undirburðar* undir hross og annan búfénað, og hins vegar á staðbundinni framleiðslu á *lífdísil*.

Vaxtarsamningurinn styður við tilraunir Kjötafurðastöðvar KS varðandi bætta nýtingu *hliðarafurða* frá slátrun og kjötvinnslu. Matís ohf. er meðal þeirra sem að verkefninu koma.
Verkefni nr. 112, 114, 216, 302, 303, 316, 413.

Í hugum margra tengist *Skagaströnd* fyrst og fremst fiskveiðum og nýtingu sjávarafurða. Hjá sjávarlíftæknisetrinu *BioPol ehf.* er lögð áhersla á rannsóknir sem styðja við nýbreytni og þróun á þessu sviði. Vaxtarsamningurinn hefur stutt fyrirtækið og samstarfsaðila þess í rannsóknum varðandi *kræklingaeldi*, *beitukóng* og *hörpudisk* í Húnaflóa.



Mynd 5. Starfsmenn BioPol við úrvinnslu sýna.
Ljósm. Ólafía Lárusdóttir.

Vaxtarsamningurin hefur ennfremur stutt við rannsóknir og þróun á *bragðkjörnum úr þangi*, undir forystu *H-59* á Skagaströnd.
Verkefni nr. 101, 212, 225, 324, 406.

B. Ferðaþjónusta og menning

Hér er unnið út frá því að helstu styrkleikar svæðisins innan ferðaþjónustu og menningar felist í *náttúrunni*, *hrossunum*, *sögunni* og *handverkinu*.



Mynd 6. Klasauppbygging í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.

Sögutengd ferðaþjónusta:
Þræðir margra Íslendingasagna liggja um Húnaþing og þar voru ófáar þeirra skráðar. Þar er unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á grunni *Grettis sögu* og *Vatnsdælu* og hefur Vaxtarsamningurinn stutt við þau verkefni, m.a. í tengslum við handverk (sjá neðar).
Verkefni nr. 108, 116, 305, 317.

Skagafjörður er vettvangur margra þekktustu atburðanna í Sturlungu, sem nú nýtur endurvakinnar hylli íslenskra lesenda, og þar styður Vaxtarsamningurinn uppbyggingu klasans *Á Sturlungaslóð*.
Verkefni nr. 323, 401.

Rannsóknir:
Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Norðurlandi. Þar er m. a. unnið að fornleifarannsóknum og hefur VNV lagt nokkurt fé til þeirra, enda forsenda frekari uppbyggingar á staðnum.
Verkefni nr. 214.

Mynd 7. Fornleifarannsóknir í Glaumbæ.
Ljósm. Guðný Zoëga.

Ennfremur hefur VNV stutt við rannsóknir *Sögusetur íslenska hestsins*, sjá nánar hér neðar.
Verkefni nr. 115, 311.

Hestatengd ferðaþjónusta:
Norðurland vestra hefur lengi verið þekkt fyrir hross og hestamennsku. Héðan koma margir af þekktustu hrossastofnunum, og hér voru fyrstu hrossaræktarfélögin stofnuð. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi Hólaskóla, Háskólans á Hólum í tengslum við hestamennskuna og fleira mætti telja til.

Hýruspor eru samtök þeirra sem búa og starfa á Norðurlandi vestra og byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á íslenska hestinum. Vaxtarsamningurinn styður uppbyggingu þessa klasa, sem nú hefur opnað vefinn www.icehorse.is.
Verkefni nr. 217, 404.

Á Hólum í Hjaltadal er m. a. að finna *Sögusetur íslenska hestsins*. Fram að þessu hafa sýningar þess ekki haft fastan samastað en nú er í undirbúningi að koma meginsýningu þess fyrir í Gamla hesthúsinu á Hólum og standa vonir til að opna hana um Landsmót 2010. VNV styður þetta verkefni.
Verkefni nr. 115, 311.

Rannsóknir:
Nauðsynlegt er að styðja ofangreind verkefni með rannsóknum. Vaxtarsamningurinn styrkir rannsókn, sem leidd er af ferðamáladeild Hólaskóla, Háskólans á Hólum og snýst um kortlagningu á *umfangi hestatengdrar þjónustu á Norðurlandi vestra*. Ennfremur hefur VNV stutt rannsóknir til undirbúnings á sýningum Söguseturs íslenska hestsins.
Verkefni nr. 115, 407.

Náttúrutengd ferðaþjónusta:
Náttúran er oftast það fyrsta, sem hinn erlendi ferðamaður nefnir, ef hann er spurður hvað hafi dregið hann til Íslands, og ekki skal gert lítið úr áhuga Íslendinga sjálfra á ferðalögum byggðum á náttúruskoðun.

Í Húnaþingi vestra er unnið að uppbyggingu ferðaþjónustuklasa í kringum *selaskoðun*, undir yfirskriftinni *Á selaslóðum*. Þar fer Selasetur Íslands fyrir (sjá einnig neðar, Wild North).
Verkefni nr. 328, (201, 402).

Á vegum *Fræðaveitunnar* (m. a. í samvinnu við Veiðimálastofnun) er unnið að uppbyggingu gagnvirkrar upplýsingaveitu um vötn og veiði á Norðurlandi vestra. Þar verða aðgengilegar ýmsar upplýsingar um vötnin sjálf, lífríki þeirra, fiskitegundir og veiðitímabil, sem og um hvernig nálgast megi veiðileyfi og ýmsa þjónustu.
Verkefni nr. 120.

Hjá *Náttúrustofu Norðurlands vestra* er unnið að kortlagningu fuglaskoðunarstaða á svæðinu, enda er áhugi fyrir að róa frekar á þau mið hjá nokkrum ferðaþjónustufyrirtækjum.
Verkefni nr. 410.

Mynd 8. Frá Hveravöllum. Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

Náttúruperlan *Hveravellir* á Kili tilheyrir Norðurlandi vestra. Vaxtarsamningurinn kemur að verkefnum á Hveravöllum, bæði með fjárhagsstuðningi og ráðgjöf, í samvinnu við SSNV atvinnuþróun.
Verkefni nr. 208.

Á Blönduósi er unnið að undirbúningi *Hins íslenska laxaseturs*, þar sem gert er ráð fyrir bæði sýningahaldi og rannsóknum. VNV hefur stutt þessa frumvinnu.
Verkefni nr. 218.

Rannsóknir:
Selasetur Íslands á Hvammstanga fer fyrir hópi íslenskra þátttakenda í fjölþjóðlegu verkefni, *Wild North*, sem snýst um uppbyggingu sjálfbærrar, náttúrutengdrar ferðaþjónustu („Wild Life Tourism") á Norðurslóðum, og að treysta með því undirstöður greinarinnar, afkomu þeirra sem í henni vinna og notkun auðlindarinnar til langs tíma.
Verkefni nr. 201, 402.

Mynd 9. Frá Laugarbakka. Ljósm. Pétur Jónsson.

Sem fyrr segir, er reiknað með að rannsóknir verði liður í starfsemi Laxasetursins.
Verkefni nr. 218.

Handverk:
Handverk er mikilvægur liður í hvers kyns ferðaþjónustu og er þá t. d. átt við minjagripi eða námskeið ýmiss konar. Vaxtarsamningurinn hefur stutt við nokkur verkefni sem byggjast m. a. á handverki, ekki síst skyld sögutengdu verkefnunum sem talin voru hér að ofan:

Í Grettisbóli á Laugarbakka er unnið að uppbyggingu *handverksmarkaðar*, í tengslum við Grettistakið. *Útsaumur í sveitinni* stendur fyrir verkefni um útsaumaðan refil, byggðan á Vatnsdælu. Markmið *Fornverkaskólans* er að viðhalda íslensku handverki og varðveisla byggingararfsins.
Verkefni nr. 111, 305, 317.

Á *Textílsetri Íslands*, í Kvennaskólanum á Blönduósi, er boðið upp á margs konar námskeið um handverk.
Verkefni nr. 322.

Almenn verkefni innan ferðaþjónustunnar:
Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði hefur notið stuðnings Vaxtarsamnings Norðurlands vestra við þróun bókunarmiðstöðvar. Reiknað er með að teygja starfsemina vestur eftir svæðinu. Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi hefur hlotið stuðning vaxtarsamninganna vegna framleiðslu kynningarmyndbands.
Verkefni nr. 206, 210, 415.

Önnur verkefni tengd ferðaþjónustu og menningu:
Nes listamiðstöð á Skagaströnd hefur notið stuðnings VNV við áætlanagerð.
Verkefni nr. 106.

Skotta kvikmyndafjelag og samstarfsaðilar þess fá stuðning við verkefnið *Location North*, sem ætlað er að fjölga tökumöguleikum í auglýsinga- og kvikmyndagerð á Norðurlandi vestra. Auk þess hefur því boðist sérfræðiaðstoð við annað verkefni. Ef vel tekst til, munu það ekki síst verða ferðaþjónustufyrirtæki, sem njóta góðs af.
Verkefni nr. 325, 408.

Mynd 10. 19. júní á Blönduósi. Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

C. Önnur styrkt verkefni

Á Hvammstanga er unnið að uppbyggingu *Þekkingarseturs*, á vegum *Hagfélagsins*. Vaxtarsamningurinn styður þetta verkefni, og hefur auk þess lagt til að sérþekking starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar verði nýtt til ráðgjafar.
Verkefnið ber nr. 411.

Einnig hefur hann lagt stofnun *tengslanets kvenna* á Norðurlandi lið, enda ein af tillögum þeim sem lagðar voru fram í skýrslu verkefnisstjórnar frá árinu 2006. Stofnfundur tengslanetsins var haldinn á Blönduósi í október 2009 og hlaut það nafnið *Virkja - Norðvesturkonur*. (Sjá einnig síðar, undir umfjöllun um fundi og ráðstefnur).
Verkefnið er nr. 416.

Greiðslustaða um áramót

Gerður er sérstakur samningur um hvern veittan styrk, þar sem m. a. kemur fram hvernig haga skal greiðslum m. t. t. framvindu viðkomandi verkefnis. Að öðru jöfnu er ekki gert ráð fyrir að meira en ár geti liðið frá undirritun samnings til loka þess hluta verkefnisins, sem viðkomandi styrkloforð nær til. Sé áætlað að verkefnin standi yfir í meira en ár, skal reikna með að sækja þurfi aftur um. Nokkuð er misjafnt hve langur tíma líður frá því að vilyrði fyrir styrk er veitt og þar til skrifað er undir samning. Ábyrgðarmenn langflestra þeirra verkefna, sem hlutu styrk í seinni úthlutun 2009 (*nr. 401 – 416*), óskuðu eftir að fresta undirskrift fram yfir áramótin 2009 – 2010, þar sem féð myndi fyrst og fremst nýtast á árinu 2010 og því óþarfi að flækja því inn í bókhaldsárið 2009.

Mynd 10. 19. júní á Blönduósi. Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

Yfirlit um útborgunarstöðu veittra styrkja hinn 31. desember 2009 er að finna í viðauka I við ársskýrslu þessa.

Fundir og ráðstefnur og tengd störf

Árlega tekur framkvæmdastjóri, og eftir atvikum einstakir stjórnarmenn, þátt í ýmiss konar funda- og ráðstefnuhaldi. Í fyrsta lagi er um að ræða fundi sem Vaxtarsamningur Norðurlands vestra hefur frumkvæði að og þá gjarna í samstarfi við aðra, í öðru lagi fundi þar sem óskað er eftir innleggi frá VNV og í þriðja lagi fundi/viðburði sem eru fyrst og fremst sóttir með það fyrir augum að afla upplýsinga og reynslu, sem að gagni megi koma í starfinu.

A. Með beinni aðild Vaxtarsamnings Norðurlands vestra

Í janúar gengust Vaxtarsamningur og Menningarráð Norðurlands vestra fyrir kynningar- og samráðsfundi með starfsfólki *safna og setra* á Norðurlandi vestra. Á þann fund mætti Gísli Sverrir Halldórsson, verkefnisstjóri Safnaklasa Suðurlands og fjallaði um þá starfsemi. Fundurinn var haldinn í húsnæði Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi, í boði safnsins.

Á fundinn mættu hátt í 20 manns úr þessum geira. Stofnaður var undirbúningshópur að frekara samstarfi, og hétu menningarfulltrúi og framkvæmdastjóri VNV honum fulltingi sínu við þá vinnu. Seinni hluta sumars var ákveðið að gera einfalda könnun meðal forráðamanna safna, setra og skyldra stofnana á svæðinu og tók framkvæmdastjóri VNV að sér framkvæmd hennar. Hann hafði í framhaldi af því samband við langflesta þeirra og er skemmst frá því að segja að allir lýstu áhuga á frekara samstarfi, einkum á sviði markaðssetningar, kynningar og fræðslu, en ekki síður á innbyrðis samskiptum. Frekari frétta af framgangi þessara mála er að vænta í mars 2010.

Mynd 12. Frá fundi í FNV, 18. mars. Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

Í janúar árlega er haldin í Reykjavík kynning á tækifærum og styrkjum í *Evrópusamstarfi*. Fyrir nokkrum árum tíðkaðist að farið væri með slíka kynningu um landið, undir merkjum „Evrópurútunnar“, en það er aflagt fyrir nokkru. Á fundi framkvæmdastjóra VNV með Þórarni Sólmundarsyni hjá Byggðastofnun, sem er einn af skipuleggjendum þessara viðburða, kom upp sú hugmynd að halda kynningarfundi á ýmiss konar styrkjamöguleikum víða um land, í samstarfi við vaxtarsamningana á hverjum stað. Þann 18. mars 2009 var slíkur fundur haldinn á sal Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, fyrir það svæði. Auk kynninga á fjölbreyttum styrkjamöguleikum í erlendu samstarfi voru ýmis bjargráð innan hins íslenska stoðkerfis kynnt, t. d. á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og Vinnumálastofnunar. Starfsemi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra var og kynnt stuttlega.

Mynd 13. Handverkssala í Grettisbóli. Ljósm. Pétur Jónsson.

Við úrvinnslu styrkumsókna í mars kom í ljós að nokkur þörf virðist vera fyrir stuðning við ýmiss konar *handverkstengd* verkefni. Þetta kemur heim og saman við margar af þeim fyrirspurnum sem VNV hafa borist, án þess að hafa endilega leitt til umsóknar. Það var því ákvörðun stjórnar að framkvæmdastjóri skyldi kalla til fundar með handverksfólki á svæðinu og kanna möguleika á víðtækara samstarfi. Fundurinn var haldinn 5. maí, í húsnæði Textílseturs Íslands í Kvennaskólanum á Blönduósi og sótti hann hópur fólks úr Húnavatnssýslum og Skagafirði. Í upphafi hlýddu fundargestir á innlegg Guðrúnar Helgadóttur, prófessors við ferðamáladeild Hólaskóla, Háskólans á Hólum, en að því loknu var rætt um mögulega fleti á samstarfi, svo sem markaðssetningu, viðburða- og námskeiðadagatal, innkaup og fleira.

Í framhaldinu ákvað stjórn Vaxtarsamningsins að veita þremur handverkstengdum verkefnum styrki, að upphæð kr. 500 þúsund hvern, með því fororði að forsvarsmenn þeirra væru tilbúnir að vinna að frekara samstarfi á þessu sviði. Svo tók sumarið við með sínum önnum og e. t. v. ekki við því að búast að mikils frumkvæðis yrði vart á þeim tíma. Í september sótti framkvæmdastjóri VNV verkefnastefnumót NPP á Höfn í Hornafirði og komst þar á snoðir um verkefnið *Hagleikssmiðjur*, sem stýrt er af Ara Þorsteinssyni, starfsmanni Nýsköpunarmiðstöðvar á Höfn. Í framhaldinu var þess farið á leit að hluti af sérfræðiframlagi Nýsköpunarmiðstöðvar til VNV fælist í því að Ari kæmi hingað og kynnti verkefnið.

Þannig að í október var enn á ný boðað til fundar um handverksmál á Norðurlandi vestra, að þessu sinni með Ara sem frummælanda, sem og Birnu Kristjánsdóttur, nýráðinn sérfræðing í textílfræðum við Háskólasetrið á Blönduósi. Fundurinn var haldinn á Hótel Blönduósi og sem fyrr sótti hann nokkur hópur handverksfólks af svæðinu öllu. Að framsöguerindum loknum var þráðurinn frá fyrri fundi tekinn upp. Á þessum tíma var fólk farið að huga að jólum og upp kom hugmynd um að byrja með einhvers konar samvinnu um *jólamarkaði í reiðhöllum*, en allnokkrar reiðhallir eru á Norðurlandi vestra. Þegar á reyndi kom í ljós að mörgum þótti fyrirvarinn orðinn of stuttur, en að frumkvæði Sigrúnar Indriðadóttur á Stórhóli í Tungusveit var þó haldinn einn slíkur, í Hrímnishöllinni á Varmalæk. Þar var lögð áhersla á að hafa á boðstólum vörur af öllu Norðurlandi vestra, sem var skilyrði fyrir þátttöku VNV í auglýsingakostnaði. Markaðurinn tókst vel og hann sóttu nokkur hundruð manns.

Í aðgerðaáætlun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir að áfram yrði unnið að stofnun þekkingarsamtaka fyrir svæðið, og undirbúningshópur hafði þegar tekið til starfa á árinu 2008. Illa gekk að ná hópnum saman og má þá spyrja

Mynd 14. Rannsóknir Söguseturs Íslenska hestsins kynntar. Ljósm. Ingibergur Guðmundsson.

sig hvort raunveruleg þörf á slíkum samtökum sé til staðar. Engin ástæða er til að stofna þau, samtakanna vegna. Hvað sem því líður voru meðlimir hópsins sammála um að nauðsynlegt væri að skapa einhvern vettvang til að vekja athygli á því margvíslega rannsóknastarfi, sem unnið er á Norðurlandi vestra. Niðurstaðan var sú að Vaxtarsamningurinn boðaði til *Þekkingarþings Norðurlands vestra*, á Skagaströnd hinn 19. maí. Þar kynntu á milli 20 og 30 sérfræðingar störf sín og sinna stofnana, einkum þó hver fyrir öðrum. Skagstrendingar tóku myndarlega á móti gestum, sveitarfélagið lagði sitt af mörkum og hádegisverður var í boði BioPol ehf.

Þinginu var ekki síst ætlað að vera liður í að efla tengslin milli sérfræðinga og rannsóknastofnana á svæðinu. Almennt var gerður góður rómur að þinginu, en flestir sammála um að þó valið hafi verið að vera með slíka allsherjar yfirferð í fyrsta skipti, muni það ekki virka sem árlegur viðburður. Því er líklegt að Vaxtarsamningurinn muni framvegis fremur koma að einstökum ráðstefnum innan svæðis, t. d. í samvinnu við styrkþega.

Áfram er skoðað hvernig efla megi samstarf og samkennd þeirra sem starfa að rannsóknum og fræðimennsku á Norðurlandi vestra, og framkvæmdastjóri tekur sem fyrr þátt í þeirri umræðu.

Mynd 15. Fyrsta stjórn Virkju – Norðvesturkvenna. Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

Eitt af þeim verkefnum, sem lögð voru til í skýrslu um Vaxtarsamning Norðurlands vestra árið 2006, var stofnun *Tengslanets kvenna á Norðurlandi vestra*. Áfram var unnið að undirbúningi þess (sbr. ársskýrslu 2008), í samstarfi við Ásdísi Guðmundsdóttur (Vinnumálastofnun – Atvinnumál kvenna) og Katrínu Maríu Andrésdóttur (SSNV atvinnuþróun). Hlutur framkvæmdastjóra VNV fólst m. a. í gerð og úrvinnslu vefkönnunar meðal kvenna á svæðinu, og aðild að framkvæmd undirbúningsfundar, sem haldinn var í Kvennaskólanum á Blönduósi hinn 19. júní. Fulltrúar Tengslanets kvenna á Austurlandi voru gestir fundarins, veittu mörg góð ráð og buðu til samstarfs, t. d. um vefmál. Við þetta tækifæri var komið á fót formlegum undirbúningshópi og tók Katrín María að sér að starfa við hlið þeirra fram að stofnfundi, sem haldinn var á Blönduósi í október. Á þeim fundi var fyrsta stjórn kjörin og fer Sigríður Elín Þórðardóttir á Sauðárkróki fyrir henni. Kosið var um nafn á samtökin og var niðurstaðan *Virkja – Norðvesturkonur*.

Mynd 16. Ísland.

Eitt af þeim verkefnum sem Vaxtarsamningur Norðurlands vestra hefur lagt lið, bæði með fjárframlagi, sérfræðiaðstoð og vinnu framkvæmdastjóra, er starfsemin á *Hveravöllum á Kili*. Oft vill það gleymast að hálendið fellur, a. m. k. enn sem komið er, undir sveitarfélögin, og er e.t.v. nærtækast að benda á meðfylgjandi Íslandskort yfir svæðaskiptingu í ferðaþjónustu (*kortið er sótt á vef Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, www.nordurland.is*). Sem kunnugt er, tilheyra Hveravellir Húnavatnshreppi, og eru þar af leiðandi á starfssvæði Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Vaxtarsamningunum er ætlað að stuðla að uppbyggingu klasa en flestir aðrir þekktir ferðamannastaðir á eða umhverfis Kjöl eru á starfssvæði Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja. Það virðist rökrétt að rekstraraðilar á öllu svæðinu taki höndum saman og skoði einhvers konar samstarf. Að frumkvæði framkvæmdastjóra VNV stóðu þessir tveir vaxtarsamningar, í samstarfi við ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, fyrir fundi á Hótel Gullfossi í október. Til fundarins voru boðaðir fulltrúar allra þeirra sem koma að rekstri ferðaþjónustu á og/eða umhverfis Kjöl og mætti langstærstur hluti þeirra, um 20 manns. Fundurinn hófst með því að Rögnvaldur Ólafsson og Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands kynntu helstu niðurstöður úr rannsóknum tengdum viðfangsefninu en síðan tóku við umræður og hópavinna, undir stjórn framkvæmdastjóra VSSV. Afrakstur í lok dags var sá að stofnaður var undirbúningshópur sem vinna skyldi að undirbúningi samstarfs, einkum á sviði markaðs- og kynningarmála, sem og merkinga. Hópurinn tók þegar til starfa og í desember lágu fyrir drög að samstarfssamningi sex eigenda og/eða rekstraraðila ferðaþjónustu á svæðinu.

Víða um land var boðið til ýmiss konar viðburða í tilefni *Alþjóðlegrar athafnaviku* í nóvember. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra kom þá annars vegar að Norðurljósum og hins vegar að fundi í Blöndustöð.

Mynd 17. Norðurljós á Sauðárkróki.

Norðurljós – kveikjum á perunni var yfirskrift opinna hádegisverðarfunda, sem haldnir voru á þremur stöðum á Norðurlandi vestra í Athafnavikunni, á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Fundunum, sem mæltust vel fyrir, var ætlað að skapa tækifæri til umræðna og hugmyndavinnu um möguleika í atvinnumálum á svæðinu. Fyrir þeim stóðu Byggðastofnun, Menningarráð Norðurlands vestra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Impra, Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Vinnumálastofnun - Atvinnumál kvenna og Virkja – Norðvesturkonur, auk Vaxtarsamningsins.

Mynd 18. Frá fundinum í Blöndustöð.

Þorsteinn Hilmarsson, þáverandi upplýsingafulltrúi *Landsvirkjunar*, hafði samband við stjórnarformann Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og bauð til samstarfs um fund í Blöndustöð í Athafnavikunni. Auk fundaraðstöðu og veitinga lagði Landsvirkjun til ráðgjöf og fundarstjórn og réð til þess Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafastofunni Ildi í Grundarfirði. Sjálfsagt þótti að taka þessu boði og vann framkvæmdastjóri að undirbúningi fundarins, sem var haldinn í Blöndustöð hinn 19. nóvember. Til hans var boðið ríflega 40 einstaklingum af svæðinu öllu og þáði meirihluti þeirra að eyða einu síðdegi þar efra og ræða um ný sóknarfæri á Norðurlandi vestra, einkum á sviði *umhverfis og afurða*. Niðurstöður hópavinnu hafa verið birtar í sérstakri skýrslu sem nálgast má hjá Vaxtarsamningnum, og þó segja megi að flest sem þar kemur fram hafi heyrst áður, var nýtt að fólk af öllu Norðurlandi vestra væri kallað saman á þennan hátt. Tekið verður mið af niðurstöðum þessa fundar í áframhaldandi starfi Vaxtarsamningsins og má sjá þess merki þegar í janúar 2010.

B. Kynningar á fundum

Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra kynna starf vaxtarsamningsins á fundum, þegar við á og eftir því er kallað. Auk kynningar á Evrópudegi á Sauðárkróki (sjá hér að framan) má nefna örstutta umfjöllun á hádegisverðarfundi atvinnumálanefndar Skagastrandar í Brimnesi í mars, og á *Degi atvinnulífsins* á Blönduósi í október.

C. Aðrar ráðstefnur og fundir

Segja má að tilgangur með mætingu á aðra fundi og ráðstefnur en talin eru undir liðum A og B sé einkum tengslamyndun og þekkingaröflun, hvort tveggja ætlað til eflingar starfinu.

Samráðsfundir vaxtarsamninga, iðnaðarráðuneytis og Byggðastofnunar, svonefnd *klasatorg*, eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári. Framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Norðurlands vestra sótti klasatorg á Egilsstöðum í mars og á Selfossi í september.

Árlega eru í boði ýmsir fundir tengdir ferðaþjónustu og þar sem það er einkum í tengslum við verkefni á því sviði sem leitað er eftir ráðgjöf og annarri aðstoð frá framkvæmdastjóra VNV, er eðlilegt að hann reyni að fylgjast með því, sem þar er helst á döfinni. Hér má telja málþing Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu í Reykjavík í apríl, ráðstefnu um ferðaþjónustu á Norðurslóðum á Ísafirði í apríl, Menningarlandið í Stykkishólmi í maí, Þjóðarspegil Háskóla Íslands í október og fjölsóttan fund Útflutningsráðs um markaðsmál á Netinu, í Reykjavík hinn 1. desember. Auk þess verk-

Mynd 19. Frá Degi atvinnulífsins á Blönduósi.
Ljósm. Katrín María Andrésdóttir.

efnastefnumót NPP á Höfn í september, en eins og lesa má um hér að framan, leiddi sú fundarseta af sér kynningu á Hagleikssmiðjum, verkefni sem vonandi á eftir að koma einhverjum úr hópi handverksfólks á Norðurlandi vestra að gagni.

Að uppástungu stjórnarmanna í SSNV óskaði stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra eftir að framkvæmdastjóri sækti *Opna daga* í Brüssel í október, ásamt öðrum fulltrúum samtaka sveitarfélaga í Norðvesturkjördæmi, og tæki þátt í kynningarfundum og annarri skipulagðri dagskrá. Þetta varð.

Annað samstarf

Eins og fram kemur víða í þessari skýrslu, tekur framkvæmdastjóri þátt í margs konar samstarfi, ekki síst við aðra starfsmenn SSNV. Margvíslegt samráð er milli hans og menningarfulltrúa, Ingibergs Guðmundssonar, enda skarast starfssviðin að nokkru marki. Hið sama má segja um atvinnuráðgjafana, og hér má t. d. telja til vinnuframlag við þýðingar og yfirlestur, umsóknagerð, undirbúning og aðstoð vegna funda og námskeiða (svo sem Brautargengis á Sauðárkróki á vorönn 2009) og ýmislegt fleira. Framkvæmdastjóri sat ársþing SSNV og flutti þar sína ársskýrslu.

Önnur störf

Eins og ráð var fyrir gert í áætlunum, komst vefur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra í gagnið á árinu. Vefurinn, sem er hýstur á www.vnv.is, var unninn í samstarfi við og í boði *Fjölnets ehf.* á Sauðárkóki, en framkvæmdastjóri VNV er jafnframt ritsjóri.

Mat á starfi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra

Sérhver ferð hefst á einu skrefi. Skrefin á leiðarenda eru hins vegar mismörg, og leiðirnar misgreiðfærar. Á því tæplega eina og hálfa ári, sem liðið hefur frá fyrstu fjárveitingum úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, hafa verið stigin fyrstu skref í allmörgum verkefnum og framhaldsskref í öðrum. Mörg verkefnanna ganga eftir áætlun eða svo gott sem, en hjá öðrum hefur af einni eða annarri ástæðu þurft að víkja af leið eða staldra við.

Nýsköpun og rannsóknir krefjast þolinmæði og oft reynist erfitt að brúa bilið frá hugmynd til sjálfbærni. Vaxtarsamningunum er ætlað hlutverk í slíkri brúarsmíði, en það getur hins vegar verið þrautin þyngri að skilgreina nákvæmlega hvaða hluta brúarinnar ber að þakka honum, og hversu traust hún þarf að vera til að gegna sínu hlutverki.

Samkvæmt 4. gr. Vaxtarsamnings Norðurlands vestra er gert fyrir að lokaskýrslu, ásamt árangursmati, verði skilað til iðaðarráðuneytis eigi síðar er 1. mars 2011. Matsáætlun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra var kynnt fyrir viðkomandi starfsmönnum ráðuneytisins á fundi þar í apríl. Helstu liðir í matinu eru

- mat stjórnar á verkefnum, m. v. umsóknir
- áfanga- og lokaskýrslur verkefna
- fylgiskjöl með lokaskýrslum (sérstakt eyðublað sem ber að fylla út)
- eftirfylgni framkvæmdastjóra með verkefnum (að lágmarki ársfjórðungslega)
- heildaryfirlit, byggt á gögnum frá þróunarsviði Byggðastofnunar

Á klasatorgi á Egilsstöðum í mars var stofnaður sérstakur matshópur, til að vinna að og samræma matsaðferðir vaxtarsamninganna, og er þess að vænta að tekið verði mið af þeirri vinnu við endurskoðun mats/matsaðferða VNV.

Örstutt yfirlit 2009

Þar sem fjöldi verkefna er svo lítill, getur ekki talist eðlilegt að birta ýmsar matsupplýsingar opinberlega, því auðvelt gæti reynst að rekja þær, og er þess vegna gert ráð fyrir sérstakri matsskýrslu vegna ársins 2009.

Á árinu 2008 voru veittir styrkir til alls 20 verkefna, og af þeim var 19 ólokið við áramótin 2008 – 2009. Skilað var lokaskýrslu vegna tíu þessara verkefna á árinu og hins ellefta í janúar 2010. Samkvæmt upplýsingum frá ábyrgðarmönnum eins til viðbótar var því verkefni lokið um áramót og skýrsla í vinnslu. (Þegar rætt er um lokaskýrslu í þessu sambandi, er átt við lokaskýrslu vegna þess hluta verkefnisins eða tímabils sem viðkomandi styrkur náði til). Tafir hafa orðið á fimm verkefnum, en framkvæmdastjóra hefur verið gerð grein fyrir þeim.

Alls hlutu 20 verkefni vilyrði fyrir styrk á árinu 2009, þar af eitt verkefni í báðum úthlutunum, þannig að veitt loforð voru samtals 21. Fimm af þeim verkefnum, sem hlutu styrk árið 2008, fengu framhaldsstyrk á árinu 2009, auk þess sem beinar tengingar eru milli tiltekinna styrkþega bæði árin, sbr. áherslur um uppbyggingu klasa. Þremur verkefna ársins taldist lokið fyrir áramót, en önnur tvö geta talist á eftir áætlun.

Um útborgunarstöðu einstakra styrkja vísast til viðauka I.

Í viðauka II er yfirlit um helstu tölulegar upplýsingar, skv. fylgiskjölum með lokaskýrslum, sbr. framansagt.

Viðauki I. Greiðslustaða styrkloforða hinn 31. desember 2009.

Úthlutun 2008

Nr.		Alls gr.	Úthlutun	Staða
101	Bio-Pol ehf , vegna beitukóngs	1.000.000	1.000.000	0
104	Selasetur Íslands, undirbúningur rannsókna	500.000	500.000	0
106	NES listamiðstöð	300.000	500.000	-200.000
108	Reykjahöfði ehf , vegna Laugarbakkans	1.000.000	1.000.000	0
111	Byggðasafn Skagfirðinga v/ Fornverkaskólans	1.000.000	1.000.000	0
112	MATÍS ohf , nýting ostamysu	1.000.000	1.000.000	0
114	Verið Vísindagarðar , bleikjueldi	1.500.000	1.500.000	0
115	Sögusetur ísl. hestsins, rannsóknir	1.500.000	1.500.000	0
116	Landnám Ingimundar gamla , sögukort	500.000	500.000	0
120	Fræðaveitan ehf , Vötn og veiði	900.000	1.500.000	-600.000
201	Selasetur Íslands - Wild North	2.500.000	2.500.000	0
206	Markaðsskrifst. ferðam. á Norðurl.	300.000	500.000	-200.000
208	Hveravallafélagið ehf.	1.500.000	1.500.000	0
210	FFS, ferða- og bókunarmiðstöð	1.500.000	1.500.000	0
212	Jón Örn Stefánsson, kræklingaeldi	600.000	1.000.000	-400.000
214	Glaumbær, fornleifarannsókn	1.000.000	1.000.000	0
216	Kjötafurðastöð KS, hliðarafurðir	2.000.000	2.000.000	0
217	Krossaneshestar ehf., v. Hýrusporsins	2.000.000	2.000.000	0
218	Alva Kristín Ævarsdóttir, Laxasetrið	300.000	500.000	-200.000
225	H - 59, íblöndunarefni	2.500.000	2.500.000	0
	Samtals	**23.400.000**	**25.000.000**	**-1.600.000**

Úthlutun 2009

Nr.		Alls gr.	Úthlutun	Staða
302	Umhverfið þitt, lífdísill	625.000	1.250.000	-625.000
303	Umhverfið þitt, undirburður	1.125.000	1.250.000	-125.000
305	Ferðamálafélag V-Hún, sumarmarkaður	450.000	500.000	-50.000
311	Sögusetur íslenska hestsins, sýning	1.500.000	3.000.000	-1.500.000
316	MATÍS ohf mysa, frh.	900.000	1.000.000	-100.000
317	Útsaumur í sveitinni, Vatnsdæla á refli	250.000	500.000	-250.000
322	Textílsetur Íslands, uppb. námskeiða	500.000	500.000	0
323	Á Sturlungaslóð (FFS)	1.500.000	1.500.000	0
324	Bio-Pol ehf , beitukóngur, frh.	1.350.000	1.500.000	-150.000
328	Ferðamálafélag V-Hún - Á selaslóðum	1.350.000	1.500.000	-150.000
401	Á Sturlungaslóð, frh.		1.500.000	-1.500.000
402	Selasetur Íslands - Wild North		2.500.000	-2.500.000
404	Hýruspor, frh.		1.500.000	-1.500.000
406	BioPol - Hörpudiskur		500.000	-500.000
407	Hólaskóli - Hrossarannsókn		1.500.000	-1.500.000
408	Skotta - Location North	500.000	1.000.000	-500.000
410	NNV - Fuglaskoðun		1.000.000	-1.000.000
411	Hagfélagið		1.000.000	-1.000.000
413	Verið Vísindagarðar		2.500.000	-2.500.000
415	FFS, ferða- og bókunarmiðstöð, frh.		1.500.000	-1.500.000
416	Virkja-Norðvesturkonur		500.000	-500.000
	Samtals	**10.050.000**	**27.500.000**	**-16.950.000**
	Samtals 2008 og 2009:	**33.450.000**	**52.500.000**	**-18.550.000**

Viðauki II. Tölulegar upplýsingar

Þessar tölur eru unnar upp úr fylgiskjölum með lokaskýrslum verkefna. Þetta fylgiskjal er byggt upp af nokkrum lykilspurningum. Tekið skal fram að svörin eru byggð á sjálfsmati ábyrgðarmanna verkefnanna og ekki er hér lagt mat á raunhæfni einstakra svara.

Öll verkefni fá sömu spurningar, þannig að neikvæð svör geta hæglega þýtt að spurningin átti ekki við, t. d. eiga spurningar tengdar ferðaþjónustu sjaldnast við um rannsóknaverkefni. Ekki er gerð tilraun til að kryfja þetta nánar hér.

1.	**Er verkefnið á áætlun (tímaáætlun, sbr. umsókn)?**	
	Já	6
	Nei	5
2.	**Er verkefninu lokið?**	
	Já	2
	Nei	1
	Nei (skv. umsókn átti því ekki að ljúka á styrktímabilinu)	8
3.	**Er reiknað með að sækja aftur um styrk til VNV?**	
	Já, um framhaldsstyrk	6
	Já, til annarra verkefna	4
	Nei	2
4.	**Hvað skilaði verkefnið mörgum nýjum störfum, á Nl.v?**	
	Heilsársstörfum	3
	Árstíðabundnum störfum [1]	1
	Tímabundnum störfum	9
	Ótímabær spurning	2
5.	**Byggja einhver þessara starfa á sérfræðiþekkingu?**	
	Já	6
	Já, að hluta	3
	Nei	
6.	**Hvar nýtist ný þekking byggð á verkefninu?**	
	Í auðlindalíftækni	2
	Í menntun	4
	Í ferðaþjónustu	7
	Í menningu	7
	Annars staðar	4
7.	**Hvað tóku margir þátt í verkefninu? [2]**	
	Fyrirtæki	46
	Rannsóknarstofnanir	6
	Háskólar	8
	Starfsmenn alls	147

8.	**Byggði samstarfið á eldri grunni?**	
	Já	3
	Já, að nokkru leyti	7
	Nei	1
9.	**Verður um áframhaldandi samstarf að ræða?**	
	Já	11
	Hugsanlega	
	Nei	
10.	**Náði samstarfið út fyrir Norðurland vestra?**	
	Já, til annarra landssvæða	5
	Já, til annarra landa	3
	Nei	3
11.	**Skilaði verkefnið vöru á markað?**	
	Já, nýrri vöru	5
	Já, endurbættri vöru	2
	Nei	5
12.	**Stuðlaði verkefnið að umsókn um einkaleyfi?**	
	Já	
	E. t. v. síðar	3
	Nei	7
13.	**Skilaði verkefnið þjónustu á markað?**	
	Já, nýrri þjónustu	4
	Já, endurbættri þjónustu	
	Nei	6
14.	**Snerist verkefnið um sameiginlega kynningu og/eða markaðssetningu?**	
	Já, svæðisbundna	2
	Já, viðkomandi fyrirtækja	2
	Nei	6
15.	**Snerist verkefnið um sameiginlega stefnumótun?**	
	Já, svæðisbundna	1
	Já, þátttakenda	5
	Nei	5
16.	**Snerist verkefnið um myndun klasa?**	
	Já, fyrsti vísir	5
	Já, markvissa uppbyggingu klasa	2
	Nei	4

17.	**Stuðlar verkefnið að fjölgun ferðamanna á Norðurlandi vestra?**	
	Já	5
	Nei	6
18.	**Stuðlar verkefnið að auknum tekjum eftir hvern ferðamann á Nl. v.?**	
	Já	5
	Nei	6
19.	**Stuðlar verkefnið að aukinni fagmennsku í ferðaþjónustu á Nl. v?**	
	Já	7
	Nei	4
	Já	4
	Nei	7
21.	**Hvað stóð verkefnið fyrir mörgum fundum og/eða ráðstefnum?**	
	Kynningarfundir	12
	Tengslamyndunarfundir	13
	Ráðstefnur	2
22.	**Naut verkefnið sérfræðiframlaga frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra?**	
	Já	2
	Nei	9
23.	**Naut verkefnið styrkja frá öðrum sjóðum, á tímabilinu?**	
	Já	6
	Nei	5
24.	**Skipti aðkoma VNV miklu máli fyrir verkefnið?**	
	Já, annars hefði ekki orðið af verkefninu	7
	Já, en að verkefninu hefði þó orðið án aðkomu VNV	4
	Hún skipti litlu máli	

1. Í flestum tilvikum var einungis merkt við að um tímabundin störf hefði verið að ræða, án þess að tiltaka fjölda þeirra.
2. Þessari spurningu var víða ósvarað og niðurstöður því ómarktækar, en fullyrða má að nákvæm svör sýndu hærri tölur en þessar. Eins ber að taka tölum um fyrirtæki, en þó einkum rannsóknarstofnanir og háskóla, með þeim fyrirvara að sömu geta verið talin oftar en einu sinni, ef þau koma að fleiri en einu verkefni.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
Ársreikningur 2009

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
Faxatorgi 1
550 Sauðárkrókur

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra var stofnaður á árinu 2008 og er markmið hans að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Tap varð af rekstri samningsins á árinu að fjárhæð 781 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samningsins nam í árslok 2.123 þús. kr.

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning samningsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 28. febrúar 2010

Stjórn:

Verkefnisstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vaxtarsamnings Norðurlands vestra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðaferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samningsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31.desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 28. febrúar 2010

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 28. febrúar 2010

Guðrún Ragnarsdóttir

Margeir Friðriksson

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	Áætlun 2009	2008
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs	7	30.000.000	30.000.000	30.000.000
Framlög annarra		3.600.000	3.600.000	3.600.000
Framlögð sérfræðivinna	6	4.016.000	0	1.000.000
		37.616.000	33.600.000	34.600.000
Rekstrargjöld:				
Styrkveitingar	2	27.500.000	27.000.000	25.000.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	7.326.069	7.452.000	5.169.850
Stjórnunarkostnaður	4	1.349.716	2.011.000	1.289.668
Framlögð sérfræðivinna til verkefna	6	4.016.000	0	1.000.000
		40.191.785	36.463.000	32.459.518
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði		(2.575.785)	(2.863.000)	2.140.482
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		2.057.165	0	854.256
Vaxtagjöld		(262.338)	0	(91.237)
		1.794.827	0	763.019
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(780.958)	(2.863.000)	2.903.501

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Viðskiptakröfur		7.800.000	0
Kröfur á tengd félög		56.690	0
Handbært fé		13.563.683	20.494.353
Veltufjármunir samtals		21.420.373	20.494.353
Eignir samtals		21.420.373	20.494.353
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		2.122.543	2.903.501
Eigið fé samtals	5	2.122.543	2.903.501
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir styrkir	2	19.050.000	17.300.000
Aðrar skammtímaskuldir		247.830	290.852
Skammtímaskuldir samtals		19.297.830	17.590.852
Skuldir samtals		19.297.830	17.590.852
Eigið fé og skuldir samtals		21.420.373	20.494.353

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	(780.958)	2.903.501
Veltufé til rekstrar		(780.958)	2.903.501
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(7.856.690)	0
Skammtímaskuldir, hækkun		1.706.978	17.590.852
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(6.149.712)	17.590.852
Handbært fé (til) frá rekstri		(6.930.670)	20.494.353
Hækkun á handbæru fé		(6.930.670)	20.494.353
Handbært fé í ársbyrjun		20.494.353	0
Handbært fé í lok ársins		13.563.683	20.494.353

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. *Styrkir*

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2009 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 27,5 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru ógreiddir styrkir 19,1 millj. kr. þar af námu ófrágengnir samningar samtals 14 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2009	Áætlun 2009	2008
Laun	5.493.365	5.450.000	3.181.683
Stjórnarlaun (7)	672.000	957.000	1.257.000
Dagpeningar	115.179	0	0
Lífeyrissjóður	607.896	615.000	426.604
Tryggingagjald	430.582	430.000	304.563
Stéttarfélag	7.047	0	0
	7.326.069	7.452.000	5.169.850
Starfsmenn að meðaltali	1		1

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:	2009	Áætlun 2009	2008
Ökutækjastyrkur	242.604	952.000	838.158
Auglýsingar og styrkir	168.074	120.000	233.875
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	576.549	230.000	139.402
Endurskoðun	115.300	100.000	0
Rekstur tölvukerfis	53.029	50.000	45.139
Ritföng, pappír og prentun	114.246	15.000	20.374
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	51.305	200.000	0
Annar kostnaður	28.609	104.000	12.720
Húsaleiga	0	240.000	0
	1.349.716	2.011.000	1.289.668

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	2009
Eigið fé 1.1.2009	2.903.501
Rekstrarniðurstaða ársins	(780.958)
Staða 31.12.2009	2.122.543

Skýringar frh.:

6. Framlögð sérfræðivinna

Framlögð sérfræðivinna greinist þannig:

	Fjöldi tíma	Samtals kr.
Hveravellir	363,5	2.908.000
Kræklingaverkefni Skagaströnd	47,0	376.000
Bókunarmiðstöð	10,5	84.000
Laxasetur	8,0	64.000
Sturlungahópur	8,0	64.000
EU áætlanir, fundir	1,0	8.000
Hýrusporið	1,0	8.000
Frumkvöðlasetur, kynning	0,5	4.000
Skrifstofuhald og umsjón		500.000
	439,5	4.016.000

7. Önnur mál

Þann 14. janúar 2008 var undirritaður vaxtarsamningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og iðnaðarráðuneytisins. SSNV ber ábyrgð á framkvæmd vaxtarsamningsins og sér um að semja við fyrirtæki og stofnanir um framlög til vaxtarsamningsins . Samtökin leggja til sex milljónir króna á þremur árum og að auki 12 milljónir á þremur árum í formi sérfræðivinnu Samkvæmt samningnum skulu framlög iðnaðarráðuneytisins vera 30 millj. kr. á ári í þrjú ár frá undirritun samningsins. Stjórn samningsins úthlutar fjármagni til verkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Samningurinn gildir til 14. janúar 2011.

Tekið við íbúðum Kleifartúni.

SSNV málefni fatlaðra

Hlutverk og markmið

Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra (SSNV málefni fatlaðra) hefur verið með samning við félagsmálaráðuneytið um veitingu þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra frá 1. apríl 1999. Þjónustusamningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn í desember 2006 til 6 ára eða til ársloka 2012.

Byggðasamlagið tekur að sér að veita fötluðum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim lögum.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. þetta er gert með meiri skilvirkni,betri nýtingu fjármuna og auknum þjónustugæðum að leiðarljósi.

Starfssvæði

Í Byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Um starfsemi Byggðasamlagsins gilda ákvæði 81-85.gr.sveitarstjórnarlaga nr.45/1998.

Á starfssvæði Byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði; Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Stjórn SSNV gerði samning við þjónustusvæðin að annast þjónustu við fatlaða í sínu umboði.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri vinnur eftir erindisbréfi frá stjórn SSNV. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá meginþætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðra, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar.

Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðra og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á starfssvæðinu, framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri SSNV málefni fatlaðra. Formaður svæðisráðs um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra á rétt á setu á fundum þjónustuhóps með tillögurétt og málfrelsi. Er þannig uppfyllt upplýsingaskylda til svæðisráðsins. Hlutverk þjónustuhópsins er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði Byggðasamlagsins.

Félagsmálastjórar

SIGLUFJÖRÐUR
Hjörtur Hjartarson

HÚNAÞING VESTRA
Henrike Wappler

SKAGAFJÖRÐUR
Gunnar Sandholt

FORMAÐUR SVÆÐISRÁÐS
Guðrún Árnadóttir
Siglufirði

AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA
Auður Herdís Sigurðardóttir

Samvinna.

Formáli verkefnisstjóra

Hér gefur á að líta ársskýrslu SSNV málefni fatlaðra fyrir árið 2009. Hún gefur yfirlit yfir skipulag og starfsemi á þjónustusvæðinu. Helstu verkefnum og tölulegum upplýsingum innan hvers málasviðs eru gerð skil og er það von mín að skýrslan gefi glögga sýn á fjölbreytt verkefni málaflokksins.

Á Norðurlandi vestra eru 355 örorkulífeyrisþegar, eða um 7.5% af íbúafjölda 16 – 66 ára. Meðaltal á landsvísu er 6,8% Fjöldi barna með umönnunarbætur í flokki 1 – 3 eru 20 eða um 1,1 % af íbúafjölda 0 – 17 ára. (Tryggingarstofnun ríkisins, staðtölur almannatrygginga 2009). Hafa ber í huga að Fjallabyggð er ekki inn í tölum TR fyrir Norðurland vestra og gefa þessar tölur því ekki raunhæfa mynd af fjölda einstaklinga á þjónustusvæðinu. Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða Byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma. Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 130 einstaklingar með fötlun sem njóta þjónustu af einu eða öðru tagi. Meginþungi í starfseminni, bæði hvað varðar fjármagn og fjölda starfsmanna, felst í starfrækslu heimila þar sem fatlað fólk býr og nýtur daglegrar þjónustu, sem og starfsþjálfunar- og hæfingarstöðva og skammtímavistunar.

Þjónustuhópur. Þjónustuhópur fundaði 8 sinnum á starfsárinu. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Umsóknir um styrki og nýtingu fastra framlaga úr Framkvæmdasjóði fara fram í þjónustuhópnum. Föst framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru annars vegar styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar og hins vegar til endurnýjunar á búnaði heimila og þjónustustofnana. Framlög úr Framkvæmdasjóði eru 4 m.kr. á ári.

Svæðisráð um málefni fatlaðra. Verkefnisstjóri vinnur náið með svæðisráði um málefni fatlaðra en svæðisráð á m.a. að hafa eftirlit með að starfsemin sé samkvæmt lögum. Samstarfið er með miklum ágætum og hefur skipt miklu máli í eftirfylgni og framgangi þjónustu og verkefna. Svæðisráð hefur á að skipa trúnaðarmanni fatlaðra sem vinnur að hagsmunagæslu fatlaðra. Eru svæðisráði og trúnaðarmanni fatlaðra færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun næsta árs er unnin í ágúst og lög fram til kynningar og samþykktar á ársþingi SSNV ár hvert. Stjórn SSNV leggur fram áætlun með fyrirvara um að endanlegar fjárveitingar frá ríkinu liggja ekki fyrir og óskar eftir tillögum frá þjónustuhópi um breytingar á fjárhagsáætlun í byrjun árs, þar sem tekið er tillit til fjarveitinga ríkisvaldsins, bæði vegna launamats og ákvarðana um ný verkefni. Fjárframlög ríkisins fyrir árið 2009 voru 386.6 m.kr. þ.a. voru 7 m.kr. vegna aukinnar þjónustu og 4 m.kr. vegna endurnýjunar búnaðar.

Ársreikningur. Eins og fram kemur í ársreikningi SSNV var niðurstaða ársins jákvæð um samtals 10.134 þús. kr. ,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 92.095 þús. kr., -

Kostnaðarskipting meginþátta starfseminnar. Eftirtaldir þættir valda meginhluta útgjalda í % talið.

1) heimili, íbúðakjarnar og frekari liðveisla 61 %
2) Iðja / hæfing 13,65 %
3) yfirstjórn, ráðgjöf og stuðningur.11%
4) skammtímavistun 9%
5) umsjón 3,21%
6) tvinna með stuðning 1,35%
7) þjónusta stuðningsfjölskyldna 0,79 %
Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliðurinn. Að meðaltali eru laun 94% af heildarrekstarkostnaði.

Starfsmenn. Í Starfsmati kjarasamnings SGS er ákvæði um félagsliðanám. Ákveðið var að gera kröfu um félagsliðanám í starfi og greiða samkvæmt því og er það í samræmi við starfsáætlun og þjónustusamning. Aukning varð á faglærðum starfsmönnum á árinu, auk félagsliða voru þroskaþjálfar og iðjuþjálfi ráðnir á starfsstöðvar og í ráðgjöf. Haldið var námskeið í starfsmannaviðtölum fyrir yfirmenn starfsstöðva.

Ný þjónusta. Þann 23. október var tekið á móti fullgerðum tveimur húsum við Kleifatún 17 – 25 á Sauðárkróki. Í húsum þessum eru fimm u.þ.b 70m2 íbúðir ásamt starfsmannaaðstöðu í öðru húsinu. Það er Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar sem á og byggði húsin og afhenti Byggðasamlaginu það til langtímaleigu. Það er síðan Fjölskylduþjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem veitir íbúum þjónustu, unnið er eftir stefnu um heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins. Er það í samræmi við stefnu Byggðasamlagsins. Jafnhliða því að taka húsin í notkun var sú breyting að sambýlið við Jöklatún á Sauðárkróki var lagt niður þar sem íbúar fluttu í nýja þjónustu, ásamt því að sambýlisþjónusta við Freyjugötu á Sauðárkóki var hætt af sömu ástæðu. Rekstarfjármagn þessara starfseininga færðist til þjónustu við íbúa í fyrrnefndum íbúðum við Kleifatún.

Biðlistar eftir búsetuþjónustu. Teknar voru saman að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, upplýsingar um fjölda þeirra sem eru 18 ára og eldri og eru á biðlista eftir búsetu, ásamt upplýsingum um áætluð ný búsetuúrræði á árunum 2010 og 2011. 14 einstaklingar eru á biðlista eftir búsetu og engin ný búsetuúrræði eru fyrirhuguð á árunum 2010 og 2011, utan þjónustu sem veitt er í formi liðveislu, frekari liðveislu og heimaþjónustu. Nú þegar liggur fyrir umsókn til félags- og tryggingamálaráðuneytisins og framkvæmdasjóðs um fjármagn til reksturs og byggingar fimm íbúða á Siglufirði ásamt fjármagni til þjónustu á Sauðárkróki.

Lokaorð. Ég vænti þess að ársskýrslan varpi ljósi á hina umfangsmiklu og fjölþættu starfsemi sem fram fer á þjónustusvæðinu að hálfu Byggðasamlags og sveitarfélaga. Starfsemin er að öllu jöfnu ekki fyrirferðamikil í daglegu lífi þorra almennings, enda í eðli sínu hljóðlát og að jafnaði stendur ekki um hana neinn styr. Það eru um 70 – 80 starfsmenn sem koma að þjónustunni með einum eða öðrum hætti og reksturinn losaði um 380 m.kr. á árinu. Ég vil að lokum þakka samstarfsaðilum, sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra fyrir árangursríkt og farsælt samstarf og þeirra þátt í uppbyggingu og þróun þjónustunnar. Framtíðarsýnin er að veita heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins þá bestu í landinu. Með það að leiðarljósi viljum við stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og auknum lífsgæðum þess.

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
Verkefnisstjóri SSNV

Þjónustusvæði - verkefni

SIGLUFJÖRÐUR

Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta
Félagsþjónustan, Gránugötu 24. Stöðugildi 1.
Húseignin er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar.

Sambýli
Lindargötu 2. Sambýli með sólarhringsþjónustu. Íbúar eru 7 og stöðugildi eru 7,30.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Iðja / dagvist
Suðurgötu 4. Notendur eru 14, stöðugildi eru 2.
Húseignin er í leiguhúsnæði.

Þjónustuíbúð
Lindargötu 2. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

SKAGAFJÖRÐUR

Leikfangasafn – ráðgjafarþjónusta, fjölskylduþjónustan
Ráðhúsinu. Stöðugildi 2.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Vinátta.

Sambýli
Fellstúni 19. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 7 og stöðugildi eru 9.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Sambýli
Jöklatúni 22. Sambýli með meðalþjónustu, íbúar eru 2 og stöðugildi eru 3,4.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.
Starfseminni hætt í lok árs, íbúar fluttu í þjónustuíbúðir við Kleifatún, starfsmenn og stöðugildi færðust á þá starfseiningu.

Sambýli
Freyjugötu 19. Sólarhringsþjónusta. Einn íbúi.
Verktakasamningur.
Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins. Starfseminni hætti í lok árs, íbúi flutti í þjónustuíbúð við Kleifatún, starfsmenn og stöðugildi færðust á þá starfseiningu.

Hæfing / iðja
Aðalgötu 21. Notendur eru 11, stöðugildi eru 4,5.
Húseignin er leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

Þjónustuíbúðir
Freyjugötu 19. Þrjár einstaklingsleiguíbúðir.
Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Skammtímavistun
Grundarstíg 22. Þjónar öllu starfssvæði Byggðasamlagsins. Stöðugildi eru 5,2. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 905 sem eru 61 fleiri en árið á undan og er þetta það mesta sem hefur verið frá upphafi. Að meðaltali voru 2,7 einstaklingar í dvöl í einu. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 12 þar af voru 3 fullorðnir sem nýttu samtals 263 dvalarsólahringa.

FÉLAGSÞJÓNUSTA AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU

Leikfangasafns- ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan
Flúðabakka 2. Stöðugildi 0,9. Húseignin er í umsjón Heilsugæslu.
Félagsþjónustan sinnir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

Sambýli
Skúlabraut 22. Sambýli með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 5, stöðugildi eru 7.
Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Hæfing / iðja
Sunnubraut 4. Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna eru 2.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kráks ehf.

Kleifartún.

HÚNAÞING VESTRA

Ráðgjafarþjónusta, félagsþjónustan
Ráðhúsinu. Stöðugildi 0,4. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Sambýli
Grundartúni 10 - 12 Sambýli, fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdíó íbúð með sólarhringsþjónustu, íbúar eru 5 stöðugildi eru 6. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Hæfing / iðja
Brekkugötu 14, Hvammstanga. Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna er 1.
Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu einstaklings.

Helstu verkefni

Ráðgjafarþjónusta
Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu. Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Félagsþjónusta sveitarfélaga beitir sér fyrir sem víðtækastri samvinnu og samráði við fagaðila við framkvæmd verkefna. Í samningnum er gert ráð fyrir 4.3 stg. sem falla undir ráðgjöf. Á svæðinu er fagmenntun starfsfólks í þessum stöðugildum m.a. þannig; leikskólakennari, þroskaþjálfar, félagsráðgjafi,iðjuþjálfi. Einnig er aðgengi að

sálfræðingum og öðru fagfólki hjá sveitarfélögunum. Ekki hefur verið um breytingar að ræða varðandi ráðgjafarþáttinn, að vísu hefur verið aukning á fagfólki m.a. þroskaþjálfum þannig að aðgengi að fagfólki hjá sveitarfélögunum hefur aukist og meiri áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf til starfsfólks.

Leikfangasöfn

Hlutverk leikfangasafna er að veita þroska- og leikþjálfun til fatlaðar barna ásamt því að veita uppeldislega ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni ásamt útlána úr leikfangasafni. Meta aðstæður og gera tillögur um afgreiðslu umönnunarbóta til Tryggingarstofnunar ríkisins. Umönnunargreiðslur eru fjárhagsleg aðstoð, beinar skattfrjálsar greiðslur, til foreldra barna sem glíma við fötlun,alvarlega þroskaeða hegðunarröskun eða langvinn veikindi. Vera samræmingaraðili þjónustu fatlaðra barna á svæðinu. Veitt er ráðgjöf til stofnana sem veita fötluðum þjónustu eftir þörfum og skipulögð er þátttaka í ráðgjafateymum eftir aðstæðum á þjónustusvæðum. Félagsþjónusta A-Hún veitir leikfangasafnsþjónustu í Húnaþingi vestra.

Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra.

Skammtímavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki

Skammtímavistun þjónar öllu starfsvæði Byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þjónustu skammtímavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Þá er skammtímavistun jafnfram ætlað að veita fötluðum ungmennum og fullorðnum, sem búa í heimahúsum, tilbreytingu og búa þá undir að flytjast úr foreldrahúsum.

Starfsmenn félagsþjónustu, annast umsóknir um skammtímavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtímavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4. Dvalasólahringar voru 905 sem eru 61 fleiri en árið 2008 og það mesta frá upphafi þjónustu.

Atvinna með stuðningi - AMS

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði er sérstakur starfsmaður sem sinnir því starfi. Með verkstjórn, starfsþjálfun og sérstakri liðveislu er fólki með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast í starfi og ná góðum tökum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingarstofnunar ríkisins og atvinnurekanda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi.

Einnig er möguleiki á starfsþjálfun – reynsluráðningu á vegum Vinnumálastofnunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í 2 vikur.

Með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir frá árinu 2006 var ákveðið að atvinnumál fatlaðra færðust til Vinnumálastofnunar. Stofnunin mun þá annast mat á hæfni og atvinnuleit fyrir fatlað fólk enda þykir eðlilegt að atvinnumál fatlaðs fólks sé skipað með atvinnumálum almennt. Þess er að vænta að AMS flytjist til Vinnumálastofnunar, en ekki liggur fyrir hvenær það verður.

Iðja – dagvist

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkóki og Siglufirði eru starfrækt starfs- og dagvistarúrræði í formi iðju / dagvistar, en höfuðáherslan er að sjálfsögðu sú að fatlaðir fái vinnu á almennum vinnumarkaði.

Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega. Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. pökkun á skrúfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrættis almanaki, álíming á spjöld, hnýttir krókar, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innpökkun á plastspokum, pappírstæting og trévinna. Verkefnin eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustusvæðunum.

Sem dæmi um líkams- hreyfi- og félagsþjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáning og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara á svæðunum. Á Hvammstanga kemur starfsmaður sambýlis til starfa e.h. í iðju, en er skilgreindur sem starfsmaður sambýlis.

Búseta

Fólki með fötlun er veitt búsetuþjónusta með rekstri sambýla ásamt því að veita fullorðnum sem búa sjálfstætt eða í foreldrahúsum þjónustuúrræði í formi frekari liðveislu.

Sambýli

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt

á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

Frekari liðveisla

Afgreiðsla frekari liðveislu er einstaklingsbundin og er veitt 18 ára og eldri þegar þjónusta sveitarfélaga þ.e.a.s. heimaþjónusta og liðveisla er ekki nægjanleg. Skv. samningi við ráðuneyti er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við sjálfstæða búsetu (liðveisla, heimahjúkrun og heimaþjónusta) sé um 40 % af heildarfjölda stuðningstíma og tekur þjónustan mið af því. Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhliða því.

Þjónustuíbúðir

Í þjónustuíbúðum er að jafnaði gert ráð fyrir að íbúar séu nokkuð sjálfstæðir. Ekki gert ráð fyrir fastri viðveru starfsfólks. Íbúar í sjálfstæðri búsetu fá þjónustu í formi félagslegrar heimaþjónustu, heimahjúkrun frá heilsugæslu og frekari liðveislu sé hennar þörf. Á árinu voru í notkun fjórar þjónustuíbúðir í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar og ein íbúð á Siglufirði í eigu Framkvæmdasjóðs.

Styrkir

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er heimilt að veita fötluðu fólki 18 ára og eldra styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
Samkvæmt sömu lögum getur fatlað fólk 16 ára og eldra sótt um styrk til að mæta sérstökum kostnaði vegna náms. Hugmyndin að baki því ákvæði er, að einsýnt er að menntun af ýmsu tagi getur auðveldað fötluðu fólki að hasla sér völl í atvinnulífinu.

SSNV málefni fatlaðra annast afreiðslu ofangreindra styrkja og fær til þess ákveðna upphæð á fjárlögum. Auglýst er og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári.
Á árinu var úthlutað 3 styrkjum að upphæð kr. 63.456.

Tölulegar upplýsingar

Hér má sjá samantekt tölulegra upplýsingar um stærstu þjónustuþættina, fjölda einstaklinga, fjölda tíma og sólarhringa Þetta eru ekki lýsandi tölur um alla þjónustuþætti sem veittir eru má þar m.a. nefna ráðgjöf sem er stór þáttur í þjónustu við fatlaða, aðstandendur og starfsfólk.

Sambýli

Sambýlin eru sex og íbúar eru 27, þar er veitt sólahringsþjónusta og er þjónustuþörf íbúana, þjónustuflokkar 3 – 7.
Íbúar á sambýlum fá mismikla félagslega þjónustu og mótast það m.a. af mati á þörf, reglum sveitarfélagana um félagslega liðveislu og hvernig til tekst að ráða fólk til starfa. Talið er í klst. á viku. Sjá töflu I.

Tafla I. Búseta á sambýlum.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Félagsleg liðveisla
0	1	0
0	2	0
1	3	1,69
0	4	0
6	5	5,68
8	6	11,69
12	7	0,69
27		**20,02**

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu eru 49. Húsnæðið er í eigu einstaklinganna sjálfra, almennar leiguíbúðir, leiguíbúðir sveitarfélaga, ein íbúð er í eigu Framkvæmdasjóðs, einnig eru nokkrir sem búa hjá aðstandendum. Þjónusta er veitt í formi almennrar heimaþjónustu, frekari liðveislu og heimahjúkrunar. Veitt hefur verið svo kölluð hópliðveisla en 18 einstaklingar taka þátt í hópliðveislu 2 tíma á í viku yfir vetrartímann auk ferðalaga að sumri, þessi liðveisla er ekki inn í töflunni. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu II.

Tafla II. Fjöldi fatlaðra í sjálfstæðri búsetu.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Frekari liðveisla	Heimaþjónusta	Félagsleg liðveisla	Heimahjúkrun
12	1	6	14	0	1
16	2	64	25	7	11
13	3	52	24	4	14
2	4	11	0	7	0
4	5	49	17	20	2
1	6	30	0	0	0
1	7	0	0	2	0
49		**213**	**79**	**40**	**28**

Börn með umönnunarbætur

Börn með umönnunarbætur skv. mati Tryggingarstofnunar ríkisins er 31. Stoðþjónustan sem veitt er, er í formi stuðningsfjölskyldu og skammtímavistunar Grundarstíg 22 Sauðárkóki. Talið er í sólarhringum í mánuði. Sjá töflu III.

Tafla III. Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Skammtímavistun	Stuðningsfjölsk.
1	1	8,41	0
15	2	38,56	15
15	3	7	0
31		**53,97**	**15**

Fjöldi fatlaðra í dagvistun og / eða vinnu

Einstaklingar sem sækja þjónustu iðju / dagvist og/eða atvinnu með stuðning eru 57 þar af eru 33 í iðju / dagvist og 24 eru með atvinnu með stuðningi. 8 einstaklingar stunda hvorutveggja iðju / dagvist og atvinnu með stuðning. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu IV.

Tafla IV. Fjöldi fatlaðra í dagvistun eða vinnu.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Vinna	Iðja/dagvistun
7	1	190	0
7	2	120,5	35
5	3	43	30
1	4	8	0
12	5	40	110
11	6	3	191,5
14	7	6	212
57		**410,5**	**578,5**

SSNV, málefni fatlaðra

Ársreikningur 2009

SSNV, málefni fatlaðra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið heitir SSNV, málefni fatlaðra. Á árinu 2006 var endurnýjaður samningur við ríkið og var þann 19. desember 2006 undirritaður þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið skuldbindur sig til að leggja fram tæplega 2.000 millj. kr. til byggðasamlagsins frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2012. SSNV, málefni fatlaðra tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Niðurstaða ársins var jákvæð um samtals 10.134 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 92.095 þús. kr.

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Stjórn:

Elín R. Líndal
Páll Dagbjartsson
Þórður Ólafsson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Friðbjörnsd

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskar Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV, málefni fatlaðra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðaferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 20. apríl 2010

KPMG hf.

Kristján Jónasson
Ragna Sigurð Ingvarsd.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV málefni fatlaðra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 20. apríl 2010

Margeir Friðriksson
Guðrún Rósmundsd.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur:			
Framlög ríkissjóðs samkvæmt samningi		382.600.000	335.100.000
Framkvæmdasjóður fatlaðra		4.000.000	4.000.000
Aðrar tekjur		9.373.017	27.546.276
		395.973.017	366.646.276
Rekstrargjöld:			
Rekstrarframlög		381.500.760	311.375.070
Laun og launatengd gjöld	2	6.387.417	6.270.497
Sameiginlegur kostnaður		4.877.908	4.688.505
Rekstur sambýla í útleigu	3	(690.003)	(1.838.087)
Fjárfestingarframlög		6.173.909	3.565.876
		398.249.991	324.061.861
(Ráðstöfuð umfram framlög) óráðstöfuð framlög		(2.276.974)	42.584.415
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		14.367.469	8.618.412
Fjármagnstekjuskattur		(1.788.728)	(861.835)
Vaxtagjöld		(168.190)	(66.632)
		12.410.551	7.689.945
Rekstrarniðurstaða ársins	4,6	10.133.577	50.274.360

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Krafa á tengda aðila		0	90.301
Aðrar viðskiptakröfur		2.784.953	4.343.993
Handbært fé		94.305.735	94.027.423
Veltufjármunir samtals		97.090.688	98.461.717
Eignir samtals		97.090.688	98.461.717
Óráðstöfuð framlög ársins			
Óráðstöfuð rekstrarframlög		82.895.196	70.587.710
Óráðstöfuð framlög Framkvæmdasjóðs		9.200.062	11.373.971
Eigið fé samtals	5,6	92.095.258	81.961.681
Skammtímaskuldir			
Skuld við tengda aðila		1.008.193	0
Viðskiptaskuldir		870.901	14.082.964
Aðrar skammtímaskuldir		3.116.336	2.417.072
Skammtímaskuldir samtals		4.995.430	16.500.036
Skuldir samtals		4.995.430	16.500.036
Eigið fé og skuldir samtals		97.090.688	98.461.717

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	5,6	10.133.577	50.274.360
Veltufé frá rekstri		10.133.577	50.274.360
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.649.341	(4.177.142)
Skammtímaskuldir, lækkun		(11.504.606)	(18.324.581)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(9.855.265)	(22.501.722)
Handbært fé frá rekstri		278.312	27.772.638
Hækkun á handbæru fé		278.312	27.772.639
Handbært fé í ársbyrjun		94.027.423	66.254.784
Handbært fé í lok ársins		94.305.735	94.027.423

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. ***Fjárhagsáætlun***

Fjárhagsáætlun SSNV, málefni fatlaðra fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2009	2008
Laun framkvæmdastjóra	5.360.520	5.303.602
Launatengd gjöld	1.026.897	966.895
	6.387.417	6.270.497

3. Rekstur sambýla í útleigu

Rekstur sambýla í útleigu greinast þannig:	2009	2008
Húsaleiga	3.522.343	1.838.087
Rekstrarkostnaður sambýla í útleigu	(2.832.340)	0
Rekstrarhagnaður af útleigu sambýla	690.003	1.838.087

4. Skuldbindingar

Á árinu 2005 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina UP 579. Samningurinn gildir til 03.01.2010. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samningsins á árinu nema um 593 þús. kr.

5. Óráðstafað rekstrarframlag

Yfirlit um óráðstafað rekstrarframlag:	2009	2008
Staðan 1.1.2009	70.587.710	20.747.474
Óráðstöfuð framlög ársins	12.307.486	49.840.236
Staða 31.12.2009	82.895.196	70.587.710

6. Óráðstafað úr Framkvæmdasjóði

Yfirlit um óráðstafað úr Framkvæmdasjóði	2009	2008
Staðan 1.1.2009	11.373.971	10.939.847
(Ráðstöfun umfram framlög) óráðstöfuð framlög ársins	(2.173.909)	434.124
Staða 31.12.2009	9.200.062	11.373.971

Skýringar, frh.:

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstrartekjur	395.973	368.484	313.307	282.554	248.700
Rekstrargjöld	(398.250)	(325.900)	(328.609)	(267.138)	(253.844)
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði	(2.277)	42.584	(15.301)	15.416	(5.144)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	12.411	7.690	6.001	3.265	1.070
Rekstrarniðurstaða ársins	10.134	50.274	(9.300)	18.681	(4.074)
Efnahagur:					
Veltufjármunir	2.785	4.434	257	383	8.268
Handbært fé	94.306	94.027	66.255	43.233	14.692
Eignir samtals	97.091	98.462	66.512	43.616	22.960
Eigið fé	92.095	81.962	31.687	40.988	22.307
Skammtímaskuldir	4.995	16.500	34.825	2.628	653
Eigið fé og skuldir samtals	97.091	98.462	66.512	43.616	22.960
Kennitölur:					
Handbært fé frá (til) rekstrar	278	27.773	23.022	28.540	(9.339)
Veltufjárhlutfall	19,4	6,0	1,9	16,6	35,2
Eiginfjárhlutfall	0,9	0,8	0,5	0,9	1,0

Ráðstöfun

	Húnaþings	Austur-Hún.	Skagafjarðar	Siglufjarðar	Samtals 2009	Samtals 2008
Rekstrarframlög	52.222.233	67.387.346	185.709.019	76.182.162	381.500.760	311.375.070
Fjárfestingarframlög:						
Framlög vegna iðju	113.162	0	1.267.213	116.858	1.497.233	232.755
Framlög samkvæmt 27. gr.	300.000	0	0	0	300.000	187.398
Framlög vegna leikfangasafns	0	0	68.073	65.000	133.073	29.900
Sambýli og skammtímavistun	425.410	431.373	2.678.329	708.491	4.243.603	3.115.823
	838.572	431.373	4.013.615	890.349	6.173.909	3.565.876

Sundurliðanir

	2009	2008
Laun og launatengd gjöld:		
Laun framkvæmdastjóra	5.360.520	5.303.602
Mótframlag í lífeyrissjóð	528.156	522.557
Tryggingagjald	398.884	349.338
Sjúkra- og orlofssjóður	99.857	95.000
	6.387.417	6.270.497
Sameiginlegur kostnaður		
Rekstur bifreiða	1.710.202	1.398.941
Þátttaka í skrifstofukostnaði SSNV	1.250.000	1.340.301
Sími, burðargjöld og tölvuþjónusta	505.911	503.700
Fargjöld-, dvalar- og fundarkostnaður	236.487	730.496
Húsleiga, rafmagn og hússjóður	559.945	391.939
Dagpeningar	223.257	67.400
Pappír, prentun og bréfabindi	181.377	59.791
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	8.770	0
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	109.150	100.700
Auglýsingar og kynningar	65.531	77.241
Gjafir og styrkir	800	0
Kaffistofa starfsfólks	4.158	0
Ýmislegt	22.320	17.996
	4.877.908	4.688.505
Ýmsar skammtímaskuldir:		
Ógreidd staðgreiðsla	194.803	389.826
Ýmsir reikningar	2.921.533	2.027.246
	3.116.336	2.417.072

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Norðurlands vestra

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra 2009

Sigurjón Þórðarson
Sauðárkróki
júní 2010.

Starfsskýrsla HNV 2009

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra er starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi frá og með Siglufirði í Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum. Ekki er enn ljóst hvort Fjallabyggð muni halda áfram samstarfi um rekstur og starfrækslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra eða fara undir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á Akureyri. Fjallabyggð hefur gert samning um að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hafi með höndum eftirlit á Siglufirði til næstu áramóta en þeim samningi skal segja upp með 6 mánaða fyrirvara. Það er ekkert launungarmál að vera Fjallabyggðar innan Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skiptir máli fyrir rekstur embættisins og er það ósk að áframhald verði á góðu samstarfi við íbúa Fjallabyggðar.

Verkefni heilbrigðiseftirlitsins snúa að fjölmörgum þáttum undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir sjá um samræmingu og yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- oglandbúnararráðherra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt ágæta samvinnu við framangreindar stofnanir. Það er engu að síður þörf á að endurskoða verkaskiptingu stofnananna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Ekki urðu neinar breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu en hjá embættinu eru rúmar 2 stöður heilbrigðisfulltrúa og gegndu þeim Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartardóttir í hlutastörfum og Sigurjón Þórðarson í fullu starfi.

Hefðbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum koma inn

á borð heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Það fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í umsagnir um teikningar af fyrirhuguðum breytingum á stofnunum og fyrirtækjum. Sömuleiðis er útgáfa á leyfum og skýrslugerð til ríkisstofnana tímafrek og ýmislegt utanumhald um pappíra og gögn í samræmi við góða stjórnsýslu

Umhverfismál

Vatnatilskipun Evrópusambandsins

Drjúgur hluti reglna sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að framfylgja á ættir sínar að rekja beint til Evrópusambandsins. Eitt af því sem var ofarlega á baugi á árinu 2009 var vinna við innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Vatnatilskipuninni er ætlað að koma á samþættingu stofnananna og koma á heildstæðum ramma. Núverandi stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum þriggja ráðuneyta og stofnana þeirra auk sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Seinni hluta árs 2007 var vatnatilskipun sett inn í EES- samninginn, en á árinu 2008 voru fyrstu drög lögð að því hvernig stjórnsýslan myndi haga þeirri vinnu. Undirbúningur fór síðan á fulla ferð á árinu 2009 og var framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra í einum vinnuhópi sem hafði það að markmiði að skilgreina svokölluð vatnshlot og tengja við fyrirliggjandi upplýsingar um mengun og vatnafar. Það er mikilvægt að koma að vinnu sem þessari á frumstigum og að sjónarmið þeirra sem starfa í dreifbýli hjá minni embættum komi strax fram. Það er ljóst að stilla verður í hóf kröfum til fámennra sveitarfélaga um rannsóknir og víðtæka vöktun á vatni sem er innan viðkomandi sveitarfélaga. Þetta á við um fleiri þætti sem varða reglur um umhverfismál en á árinu árinu 2009 var framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins kosinn í stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem fær mál og lagafrumvörp til umsagnar. Í þeirri vinnu hafa samtökin átt einkar árangurs- og ánægjuríkt samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur að gæði og magn vatns á Íslandi er með besta móti og ástand þess stöðugt. Það má því fyrirfram ætla að ekki þurfi að ráðast í mikinn kostnað til þess að bæta úr eða viðhalda umhverfismarkmiðum sem Evróputilskipunin setur. Engu að síður má búast við einhverjum stjórnsýslu- og vöktunarkostnaði við að koma upp á fót sérstökum vatnastjórnunarsvæðum. Í frumvarpi að stjórn vatnamála er gert ráð fyrir sérstöku vatnaráði fyrir landið en landinu er síðan skipt upp í sérstök vatnasvæði. Ekki er ljóst hvernig landinu skuli skipt upp í vatnasvæði en hugmyndir eru uppi um að eitt svæði verði fyrir Norðurland vestra og Vestfirði.

Númerslausar bifreiðar og drasl inni á lóðum

Heilbrigðiseftirlitið hafði afskipti af nokkrum aðilum sem söfnuðu númerslausum bílum og járnarusli við og inni á lóðum í þéttbýli. Yfirleitt berast kvartanir frá nágrönnum um uppsöfnun á bílhræjum og númerslausum bílum sem eftirlitið reynir að bregðast við. Oftar en ekki hafa þeir sem kvartað er undan reynt vel á þolmörk og langlundargeð nágranna. Forsenda þess að ná árangri í hreinsun á lóðum og lendum er að eiga gott samstarf við sveitarstjórn þegar komið er að því að hreinsa lóðir á kostnað eigenda.

Aukin nýting lífræns úrgangs

Á Norðurlandi vestra hafa á umliðnum árum verið stigin mikilvæg skref í endurnýtingu lífræns úrgangs, s.s. með nýtingu í loðdýrafóður, kítósanframleiðslu og svo jarðgerð. Förgun slógs hefur verið til vandræða þar sem erfitt getur verið að safna því saman til frekari vinnslu eða förgunar nema að gerðar séu sérstakar ráðstafanir þar sem meltingarensím eru snögg að láta til sín taka. Fyrirtækið Siglól á Siglufirði hefur hafist handa við að vinna verðmæti úr slóginu og ef vel tekst til er von til þess að vandamál sem fylgja förgun slógs heyri að mestu sögunni til. Það sem ekki nýtist af slógi mætti t.d. leyfa að hakkað yrði niður og veitt út í fráveitukerfi.

Ýmsar bollaleggingar eru uppi um frekari nýtingu á lífrænum úrgangi, s.s. til eldsneytisframleiðslu og próteinvinnslu úr mjólkurmysu.

Urðun

Innan tíðar mun nýr urðunarstaður í landi Sölvabakka í Austur-Húnavatnssýslu leysa af hólmi nokkra urðunarstaði á Norðurlandi vestra sem ekki uppfylla núgildandi kröfur.

Heilbrigðiseftirlitið telur það ágalla að ekki skuli verða leyft að urða sláturúrgang á nýjum urðunarstað en samningur Norðurár bs. við landeigendur kveður á um að ekki verði leyfilegt að urða sláturúrgang. Það rýrir augljóslega notagildi svæðisins.

Helsta kvörtunarefni íbúa á svæðinu vegna urðunar sorps er lyktarmengun frá sláturúrgangi sem fargað er við Draugagil á Blönduósi. Það er mjög bagalegt ef mikil fjárfesting til framtíðar leysir ekki úr helsta umkvörtunarefni íbúa.

Þetta verður til þess að sóttmengaður sláturúrgangur verður ekki urðaður á svæðinu en í stað þess verður áfram urðað á umdeildum stöðum og úrgangurinn fluttur á milli sýslna. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að sóttmenguðum úrgangi, s.s. riðusmituðu fé,

verði fargað með færanlegum brennslustöðum, en líkur eru á að bið verði á kaupum á brennslustöðinni og riðufé verði áfram urðað.

Tafla I. Fjöldi gjaldskyldra fyrirtækja 2009.

Fyrirtæki	Fjöldi
Vatnsveitur	108
Framleiðsla og pökkun	14
Flutningsaðilar	5
Stóreldhús	64
Smásalar	31
Gististaðir	72
Hársnyrtistofur	15
Aðrar snyrtistofur	7
Íþróttahús og sundstaðir	15
Tannlæknastofur	5
Skólar	13
Leikskólar	11
Loðdýrabú	6
Vinnsla á fiski	21
Trésmíðaverkstæði	10
Verkstæði, bílar, vélar	28
Bensínstöðvar	16
Annað	119
Fyrirtæki alls	**560**

Æskilegt væri ef hægt verður í framtíðinni að nýta fyrirhugaðan urðunarstað fyrir allan úrgang sem fellur til á Norðurlandi vestra.

Matvælaeftirlit

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur fjölmargar sem þarf að fylgjast með og sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og sömuleiðis erlendra kaupenda. Óstaðfestur grunur kom upp um að matarsýking hefði stungið sér niður á svæðinu og eitt fyrirtæki var svipt starfsleyfi.

Ástand matvælafyrirtækja er almennt mjög gott og felst eftirlitið m.a. í því að halda uppi fræðslu fyrir starfsfólk og yfirfara innra eftirlit og að þrifaáætlun sé framfylgt. Á árinu 2009 voru haldnir fjölmargir fræðslufundir inni í fyrirtækjum fyrir starfsfólk og er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að fræðslan skili miklum árangri í að bæta öryggi og gæði matvæla.

Á síðasta ári var talsverð umræða um heimavinnslu matvæla og sölu matvæla beint frá býli. Mikill vilji hefur komið fram hjá stjórnmálamönnum um að greiða leið fyrir sölu heimaunninna matvæla til neytenda. Gjarnan er talað um að aukin heimavinnsla matvæla sé einn af vaxtarsprotum dreifbýlisins sem muni m.a. styðja við bakið á ferðaþjónustu og gera hana fjölbreyttari. Það hefur valdið ákveðnum vandkvæðum fyrir Heilbrigðiseftirlitið að ekki hafa orðið teljandi breytingar á reglum og leiðbeiningum sem snúa að því hvaða umgjörð eigi að setja um heimavinnslu matvæla.

Tafla II. Rannsóknarniðurstöður 2009.

	Alls	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	127	102	25
Baðvatn	5	3	2
Mjólkurvörur	3	3	
Matvara	2	2	9
Ís úr vél	6	3	3

Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Á árinu 2009 var heilbrigðisnefnd skipuð eftirfarandi fulltrúum:
Ágúst Þór Bragason, Blönduósi, formaður,
Elínborg Hilmarsdóttir, Skagafirði, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir, Skagafirði,
Þórarinn Hannesson, Siglufirði,
Ína Björk Ársælsdóttir, Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Árið 2009 voru haldnir sex stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 54 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra sem er svipaður fjöldi og á árinu 2008.

Fjármál eftirlitsins

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær frá Bæjarhreppi til Siglufjarðar að báðum stöðum meðtöldum eins og fyrr greinir. Íbúafjöldi á starfssvæðinu 1. desember 2007 var 8819 en 1. desember 2008 var fjöldi íbúa 8734 og því hefur fækkað um 85 frá 1. desember 2007.

Tafla III. Fjöldi fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

	2000	2005	2006	2007	2008	2009
Bæjarhreppur	5	8	13	12	12	9
Húnavatnshreppur		38	49	47	49	49
Húnaþing vestra	73	96	98	100	100	102
Blönduós	45	52	55	54	55	56
Skagabyggð		3	8	8	8	8
Höfðahreppur	27	30	33	32	30	31
Sveitarfélagið Skagafjörður	191	262	244	234	234	237
Akrahreppur	4	12	16	14	13	13
Siglufjörður	63	60	60	57	54	55
Alls	**408**	**561**	**576**	**558**	**555**	**560**

Við gerð reikninga fyrir árið 2009 kom í ljós að tap varð af rekstri Heilbrigðiseftirlitsins að fjárhæð 540.110 kr. Tapið skýrist af því að launanefnd sveitarfélaga gerði kjarasamninga við Félag íslenska náttúrufræðinga í lok árs 2008 um kjarasamninga sem tóku gildi í ársbyrjun 2009, en Heilbrigðiseftirlitið fékk ekki tilkynningu um þá fyrr en í lok ársins. Kjarasamningurinn varð til þess að gjöld eftirlitsins hækkuðu um 980.000 kr.

Júní 2010
Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Ársreikningur 2009

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og sér um að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Tap varð á rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu 2009 að fjárhæð 540 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé heilbrigðiseftirlitsins var neikvætt um 2.717 þús. kr. í árslok 2009 samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2009 og staðfest hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 10. júní 2010

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 10. júní 2010

KPMG hf.

Kristján Jónasson

Ragna Hrund Hjartard.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, höfum yfirfarið ársreikning þess fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 10. júní 2010

Magnús H. Sigurðsson

Guðmann Óskarsson

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2009 Áætlun	2008
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		8.600.012	8.600.000	7.923.748
Eftirlitsgjöld		16.103.515	16.416.000	14.804.531
Aðrar sértekjur		1.768.516	1.000.000	525.830
		26.472.043	26.016.000	23.254.109
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	16.758.555	15.517.000	15.516.421
Annar rekstrarkostnaður		9.672.587	10.373.000	9.453.575
Afskriftir	3	235.000	0	45.000
		26.666.142	25.890.000	25.014.996
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði		(194.099)	126.000	(1.760.887)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		37.045		89.771
Vaxtagjöld og gengismunur		(383.056)		(381.498)
		(346.011)	(100.000)	(291.727)
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(540.110)	26.000	(2.052.614)

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir:			
Bifreiðar		2.570.000	1.305.000
Fastafjármunir samtals	3	2.570.000	1.305.000
Viðskiptakröfur		333.204	216.611
Aðrar viðskiptakröfur		188.908	247.051
Handbært fé		162.879	98.391
Veltufjármunir samtals		684.991	562.053
Eignir samtals		3.254.991	1.867.053
Eigið fé:			
Ójafnað eigið fé		(2.717.335)	(2.177.225)
Eigið fé samtals	5	(2.717.335)	(2.177.225)
Skuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		353.170	764.888
Langtímaskuldir samtals	6	353.170	764.888
Skuldir við lánastofnanir		1.710.798	147.542
Viðskiptaskuldir		2.285.300	1.185.771
Næsta árs afborganir af langtímalánum	6	470.894	437.079
Aðrar skammtímaskuldir		1.152.164	1.508.998
Skammtímaskuldir samtals		5.619.156	3.279.390
Skuldir samtals		5.972.326	4.044.278
Eigið fé og skuldir samtals		3.254.991	1.867.053

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(540.110)	(2.052.614)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	235.000	45.000
Gengismunur langtímalána		20.477	212.998
Veltufé til rekstrar		(284.633)	(1.794.616)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(58.450)	408.021
Skammtímaskuldir, hækkun		742.695	1.050.572
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		684.245	1.458.593
Handbært fé frá (til) rekstrar		399.612	(336.023)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3	(1.500.000)	(1.350.000)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.500.000)	(1.350.000)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný langtímalán		0	1.078.065
Afborganir langtímalána		(398.380)	(89.096)
Skammtímalán, breyting		1.563.256	147.542
Fjármögnunarhreyfingar		1.164.876	1.136.511
Breyting á handbæru fé		64.488	(549.512)
Handbært fé í ársbyrjun		98.391	647.903
Handbært fé í lok ársins		162.879	98.391

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Fjárhagsáætlun***

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

c. ***Erlendir gjaldmiðlar***

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2009. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

d. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

e. ***Rekstrarfjármunir***

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	10 ár

f. ***Handbært fé***

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun	13.761.917	12.831.466
Launatengd gjöld	2.808.096	2.421.471
Áunnið orlof, breyting	55.419	180.753
Annar starfsmannakostnaður	133.123	82.731
	16.758.555	15.516.421

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2009	1.350.000	1.350.000
Afskrifað áður	(45.000)	(45.000)
Bókfært verð 1.1.2009	1.305.000	1.305.000
Keypt á árinu	1.500.000	1.500.000
Afskrifað á árinu	(235.000)	(235.000)
Bókfært verð 31.12.2009	2.570.000	2.570.000

Skýringar, frh.:

3. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.:

	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 31.12.2009	2.850.000	2.850.000
Afskrifað samtals 31.12.2009	(280.000)	(280.000)
Bókfært verð 31.12.2009	2.570.000	2.570.000
Afskriftahlutfall	10%	

4. Skuldbindingar

Á árinu 2006 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina YI-518. Samningurinn gildir frá 18.05.2006 til 05.06.2009. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samninganna á árinu námu um 447 þús. kr.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	(2.177.225)
Rekstrarniðurstaða ársins	(540.110)
Staða 31.12.2009	(2.717.335)

6. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Lýsing	Skuldabréf	EUR/JPY	Libor	824.064
				824.064
Næsta ars afborganir				(470.894)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				353.170

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2010	470.894
Árið 2011	353.170
	824.064

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstrartekjur	26.472	23.254	23.308	20.731	19.513
Rekstrargjöld án afskrifta	(26.431)	(24.970)	(24.110)	(21.906)	(19.322)
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir	41	(1.716)	(802)	(1.175)	191
Afskriftir	(235)	(45)	0	0	(172)
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði	(194)	(1.761)	(802)	(1.175)	19
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(346)	(292)	111	167	73
Rekstrarniðurstaða ársins	(540)	(2.053)	(691)	(1.008)	92
Efnahagur:					
Fastafjármunir	2.570	1.305	0	0	0
Veltufjármunir	522	464	872	547	1.848
Handbært fé	163	98	648	2.211	3.117
Eignir samtals	3.255	1.867	1.520	2.758	4.965
Eigið fé	(2.717)	(2.177)	(125)	566	1.574
Langtímaskuldir	353	765	0	0	0
Skammtímaskuldir	5.619	3.279	1.644	2.192	3.391
Eigið fé og skuldir samtals	3.255	1.867	1.520	2.758	4.965

Skýringar, frh.:

Kennitölur

Veltufé (til) frá rekstri	(285)	(1.795)	(691)	(1.008)	84
Handbært fé frá (til) rekstrar	400	(336)	(1.564)	(906)	2.373
Veltufjárhlutfall	0,12	0,17	0,92	1,26	1,46
Eiginfjárhlutfall	(0,83)	(1,17)	(0,08)	0,21	0,32

Sundurliðanir

	2009	2009 Áætlun	2008
Framlög sveitarfélaga:			
Rekstrarframlög sveitarfélaga	8.600.012	8.600.000	7.923.748
	8.600.012	8.600.000	7.923.748
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Vinnulaun	13.381.917		12.401.466
Stjórnarlaun	380.000		430.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.495.539		1.365.294
Tryggingagjald	966.707		777.435
Sjúkra- og orlofssjóður	345.850		278.742
Áunnið orlof, breyting	55.419		180.753
Annar starfsmannakostnaður	133.123		82.731
	16.758.555	15.517.000	15.516.421
Annar rekstrarkostnaður:			
Sýni og flutningskostnaður	2.431.587		1.388.736
Rekstur bifreiða	1.692.621		1.408.983
Rekstrarleiga	447.436		1.283.825
Húsaleiga og viðhald	1.027.693		1.292.039
Innheimtu- og umsjónarkostnaður	0		620.000
Sími og burðargjöld	774.030		719.114
Hlutur í skrifstofukostnaði SSNV	500.000		0
Dagpeningar	465.120		539.300
Bifreiðastyrkir	367.724		361.687
Ritföng, pappír, prentun, fjölritun og ljósrit	317.032		294.983
Internettengingar	212.390		224.252
Endurskoðun og uppgjörskostnaður	216.000		144.150
Smáahöld og viðhald áhalda og tækja	400.250		356.868
Gjaldfærður búnaður og tæki	0		113.870
Ferðakostnaður	191.455		178.719
Aðkeypt þjónusta	36.000		45.300
Námskeið og fundir	84.563		99.623
Hreinlætisvörur	0		5.294
Vátryggingar	55.592		107.711
Auglýsingar og styrktarlínur	96.322		97.939
Tæknibækur, tímarit og blöð	56.842		49.554
Félagsgjöld og annar kostnaður	66.785		83.249
Rafmagn	45.385		38.379
Leiðréttingar fyrri ára	133.500		
Afskrifaðar kröfur	54.260		0
	9.672.587	10.373.000	9.453.575

Menningarráð
Norðurlands vestra

Ársskýrsla og ársreikningur 2009

Skagaströnd 15. apríl 2010.

Inngangur

Þann 1. maí 2007 var skrifað undir þriggja ára menningarsamning milli fulltrúa ríkisvaldsins og stjórnar SSNV, fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, fyrir árin 2007-2009.

Draumaraddir norðursins

Í þessari ársskýrslu er greint frá starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarfulltrúa árið 2009 og upplýsingar eru um þá aðila sem fengu verkefnastyrki. Ársreikningar ráðsins fylgja með í sér hefti.

Þar sem þessu þriggja ára samningstímabili lauk í lok árs 2009 þá er einnig litið yfir farinn veg og reynt að skoða hvernig til hafi tekist.

Menningarráð Norðurlands vestra

Adolf – Elín – Bjarni – Guðrún - Pétur

Skipan menningarráðs

Á Ársþingi SSNV, sem haldið var á Siglufirði 19.-20. september 2008, voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir í ráðið til tveggja ára:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Gunnar Bragi Sveinsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, tilnefndur af stjórn SSNV
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Þann 28. maí 2009 baðst Gunnar Bragi Sveinsson lausnar frá setu í menningarráðinu. Í hans stað var Elín R Líndal, Húnaþingi vestra, tilnefnd af stjórn SSNV. Ráðið skipa því:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Elín R Líndal, Húnaþingi vestra, tilnefnd af stjórn SSNV
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi

Aðsetur
Skrifstofa menningarráðs er staðsett á Skagaströnd og er þar opið alla virka daga frá kl. 08.00-16.00. Starfsmaður ráðsins er Ingibergur Guðmundsson.

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2009

Fundir menningarráðs
Fundir menningarráðs voru fimm, auk aðalfundar sem haldinn var 21. ágúst. Allar fundargerðir eru birtar á vef ráðsins:
http://www.ssnv.is/Menningarráð/Fundargerðir/tabid/920/Default.aspx

Styrkir menningarráðs
Á fundi menningarráðs, 23. janúar 2009, var ákveðið úthlutanir ráðsins yrðu tvær á árinu, með umsóknarfresti til og með 12. mars og 15. september. Þá voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja ársins. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Efling atvinnustarfsemi, þekkingar og fræðslu á sviði menningar og lista.
- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- Nýsköpun og þróun menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Aukin þátttaka ungs fólks og eldri borgara í menningarstarfi.
- Verkefni sem hafa unnið sér sess og viðurkenningu og eru vaxandi

Frá ljósmyndasýningu Húnvetninga í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fyrra umsóknarferlinu lauk 12. mars. Alls bárust 78 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 56 milljónum króna. Menningarráðið samþykkti að úthluta verkefnastyrkjum til 54 aðila, alls að upphæð 20.350.000 kr. Lægsti styrkurinn nam 50 þús. kr. en sá hæsti var tvær milljónir. Úthlutun styrkja fór fram í Vesturfarasetrinu á Hofsósi 3. apríl 2009.

Í síðara umsóknarferlinu, sem rann út 15. september, bárust alls 65 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 47 milljón krónum í styrki. Ráðið samþykkti að veita alls 52 verkefnastyrki, samtals að upphæð 18.300.000 kr. Úthlutun styrkja fór fram í Kántrýbæ á Skagaströnd 21. október.

Alls var því veitt 38.650.000 kr. í verkefnastyrki á árinu 2009.
Heildaryfirlit yfir styrkhafa má sjá í fylgiskjölum með þessari skýrslu.

Úthlutun 2009 - samanburður



Af þessu súluriti má sjá styrkleika þess menningarlífs á Norðurlandi vestra sem menningarráðið veitir fjármagn til. Verkefnastyrkir til *tónlistar* eru 25% af heildarupphæðinni, þar á eftir koma flokkarnir; *menningararfur/safnamál og menningartengd ferðaþjónusta.*

Rigoletto.

Sýning í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.

Kynning á menningarstarfi á Norðurlandi vestra

Í nóvember árið 2008 gerðu Menningarráð Norðurlands vestra og Feykir vikublað, með sér árssamning um kynningu á þeim menningarviðburðum sem menningarráðið veitti verkefna-styrki til. Kynningin fólst í viðtölum við styrkþega og frásögnum af menningarviðburðum og skyldi merki ráðsins ætíð vera sýnilegt.

Markmiðið með þessum samningi var að vekja rækilega athygli á starfi menningarráðsins og styrkhöfum hans. Á þessu eina ári fjallaði blaðið um a.m.k. 30 styrkhafa og verkefni þeirra. Þykir hér hafa tekist vel til.

RARIK

Í apríl árið 2008 var undirritaður samningur milli menningarráðsins og RARIK um styrk til menningarstarfs á Norðurlandi vestra. Styrkurinn, sem náði til áranna 2008 og 2009, nam einni milljón króna hvort ár og hefur verið lagður inn í það fjármagn sem ráðið hefur úthlutað. Í nóvember 2009 var stjórn RARIK sent bréf þar sem óskað var eftir framhald þessa samnings og þegar þetta er ritað, í byrjun mars 2010, þá hefur stjórn RARIK samþykkt ársframlengingu á samningnum.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Fundir – ráðstefnur – málþing

Menningarlandið 2009 - Ráðstefna um menningu og menningartengda ferðaþjónustu

Þessi ráðstefna var haldin í Stykkishólmi á vordögum og tókst ákaflega vel. Markmiðið var að gera eins konar úttekt á menningarstarfinu á landsbyggðinni eftir að menningarsamningarnir komu til skjalanna. Öll menningarráðin sáu um innlegg í umræðuna, kynntu starfsemi sína og lögðu til skemmtikrafta.

Í vefriti mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 14. maí segir svo um ráðstefnuna:

Ráðstefnan stóð yfir dagana 11. og 12. maí sl. og var á vegum menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við menningarráð landsbyggðarinnar. Þátttakendur voru rúmlega 130 alls staðar af landinu. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, opnaði ráðstefnuna og var það hennar fyrsta embættisverk í nýrri ríkisstjórn. Menntamálaráðherra sagði í opnunarávarpi sínu að á stuttum tíma hennar í embætti í síðustu ríkisstjórn hafi hún greinilega orðið þess vör að menningarsamningur við sveitarfélögin hafi hleypt miklu lífi í menningarstarf á landsbyggðinni. Það hefur verið mikil lyftistöng að ráðnir hafa verið menningarfulltrúar á hvert svæði sem hefðu umsjón með starfinu og hún hafi ekki fundið annað en ánægja væri með þetta fyrirkomulag á stuðningi. Á þennan hátt væru fjárframlög til þessara starfa mun markvissari og hafa skilað betri árangri.

Kór eldri borgara í Skagafirði.

Fjallað var um reynsluna af menningarsamningum sem ríkisvaldið hefur gert við sjö samtök sveitarfélaga frá árinu 2001 og framtíðarhorfur á þessu sviði. Menningarráð landsbyggðarinnar kynntu einnig starfsemi sína á ráðstefnunni. Starfsemi þeirra byggir á samningum milli ríkis og sveitarfélaga á hverju starfssvæði og er tilgangurinn að efla menningarstarf á landsbyggðinni og stuðla að atvinnusköpun, samvinnu og gæðaþróun á menningarsviðinu. Fram kom í erindum menningarfulltrúa að menningarsamningarnir hafa skipt sköpum fyrir þau svæði sem þeir ná til og lagt góðan grunn að öflugu menningarlífi og ferðaþjónustu.“

Kynningarfundur um safnamál

Í janúar gengust Menningarráðið og Vaxtarsamningur Norðurlands vestra fyrir kynningar og samráðsfundi með starfsfólki safna og setra á svæðinu og var fundurinn haldinn á Blönduósi. Framsögumaður var Gísli Sverrir Árnason, verkefnisstjóri

Safnaklasa Suðurlands og fjallaði hann um stofnun og starfsemi klasans þar. Stofnaður var undirbúningshópur til að vinna að frekara samstarfi og hétu menningarfulltrúi og framkvæmdastjóri VNV aðstoð eftir þörfum. Um 20 manns sátu fundinn.

Fundur um örnefni og örnefnasöfnun á Blönduósi.

Síðari hluta sumars var ákveðið að kanna betur áhuga forráðamanna safna, setra og skyldra stofnana á samstarfi og samvinnu og þá á hvaða sviðum. Framkvæmdastjóri VNV sá um þá könnun. Lýstu langflestir viðmælendur áhuga á frekara samstarfi og þá einkum á sviði markaðssetningar, kynningar og fræðslu en ekki síður á innbyrðis samskiptum.

Fundur um örnefni og örnefnaskráningu

Menningarráðið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gengust fyrir fundi um örnefni og örnefnasöfnun á Norðurlandi vestra þriðjudaginn 22. september á Blönduósi, undir yfirskriftinni:. *Örnefni og örnefnaskráning. Hvert er markmiðið með söfnun örnefna og hvaða hlutverki gegna örnefni í nútímasamfélagi?*

Á fundinum flutti Svavar Sigmundsson, stofustjóri Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar, erindi um mikilvægi örnefnasöfnunar og stöðu mála á Norðurlandi vestra. Þá fjallaði Hjalti Pálsson ritstjóri Byggðasögu Skaga-fjarðar, um þýðingu örnefna við ritun byggðasögunnar og Rafn Sigurbjörnsson, oddviti Skagabyggðar, greindi frá fram-kvæmd skipulegrar örnefnasöfnunar í Skagabyggð sem unnið er að. Miklar umræður spunnust í framhaldi af erindunum um efni fundarins. Um 25 manns sótti fundinn.

Kynningarfundur um tækifæri í evrópsku samstarfi

Þann 18. mars var haldinn opinn kynningarfundur á Sauðárkróki um tækifæri í erlendu samstarfi. Á fundinum kynntu fulltrúar evrópskra samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa þá styrkja- og samstarfsmöguleika sem í boði eru og greint var frá reynslu af evrópsku samstarfi. Einnig kynntu fulltrúar stoðkerfisins á Norðurlandi vestra starfsemi sína og þá möguleika sem þar felast, m.a. Menningarráð Norðurlands vestra.

Fundur um örnefni og örnefnasöfnun á Blönduósi.

Á opnum hádegisverðarfundi.

Norðurljós – kveikjum á perunni

Alþjóðleg athafnavika var haldin víða um heim í nóvember. Í tilefni vikunnar stóðu Byggðastofnun, Vaxtarsamningur Norðurlands vestra, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Impra, Vinnumálastofnun, Atvinnumál kvenna, Virkja – norðvesturkonur og Menningarráð Norðurlands vestra að opnum hádegisverðarfundum á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga undir yfirskriftinni: *Norðurljós - kveikjum á perunni*. Var hugmyndin að skapa tækifæri til umræðna og hugmyndavinnu um möguleika í atvinnumálum á svæðinu auk þess sem fundarboðendur kynntu starfsemi sína og þá möguleika sem þar eru í boði. Fundirnir voru ágætlega sóttir.

Samstarf

Menningarfulltrúar landshlutanna

Gott og vaxandi samstarf hefur verið milli menningarfulltrúa menningarráðanna sem eru alls sex. Auk sameiginlegra símafunda og tölvupóstsamskipta hittust þeir tvisvar á árinu, ræddu sameiginleg málefni, deildu reynslu og lögðu á ráðin um samstarf. Þá unnu þeir sameiginlega að undirbúningi Menningarlandsins í Stykkishólmi sl. vor, m.a. var gefinn út sameiginlegur kynningarbæklingur. Einnig fóru þeir saman í allmargar menningarstofnanir í Reykjavík, kynntu starfsemi menningarráðanna og ræddu mögulega samstarfsfleti.

Ferjumaðurinn - vígsla.

Formenn menningarráðanna

Formenn menningarráða landshlutanna hittust á Suðurlandi í janúar og ræddu þar sameiginleg málefni. Mikil ánægja var með þann fund og er nú þegar orðið framhald á því á nýju ári.

SSNV atvinnuþróun/Vaxtarsamningur Nl. v. /Byggðastofnun/IMPRA/ Atvinnumál kv.

Gott samstarf hefur verið við starfsmenn annarra stofnana á Norðurlandi vestra sem sinna aðstoð við íbúa svæðisins. Hafa þeir unnið saman að undirbúningi nokkurra funda og verkefna.

Styrkhafar

Samstarf við styrkhafa hefur gengið vel, fylgst er með þeim verkefnum sem fengið hafa styrk og styrkhöfum lagt lið hafi þeir óskað þess. Þá hefur menningarfulltrúi kappkostað að sækja þá viðburði sem styrktir eru.

Opið hús í Nes listamiðstöð

Fjármál

Í fylgiriti með þessari ársskýrslu eru reikningar menningarráðsins fyrir árið 2009.

Samantekt 2007 – 2009

Á árunum 2007-2009 hefur Menningarráð Norðurlands vestra úthlutað alls 257 styrkjum til um 160 aðila, samtals að upphæð 93.650.000 kr. Meðalstyrkupphæð er því tæpar 365.000 kr. Hæsti styrkurinn er 2 milljónir en sá lægsti 50 þúsund. Alls gera þetta tæpar 12.700 kr. á hvern íbúa á Norðurlandi vestra.

Flokkun styrkja

Sé litið til heildarstyrkveitinga þessara þriggja ára kemur margt athyglisvert í ljós. Á meðfylgjandi súluriti er styrkjunum skipt í 13 flokka og þar má væntanlega sjá sterkar og veikar hliðar menningarlífsins á Norðurlandi vestra.



Styrkir til tónlistar nema rúmum 22%, tæp 18% hafa farið í flokkinn menningararfur/safnamál og tæp 13% í menningartengda ferðaþjónustu. Styrkir til danslistar og listhönnunar eru áberandi minnstir.

Hins vegar ber að taka svona skiptingu með fyrirvara þar sem suma styrkina mætti setja undir fleiri flokka en einn.

Þá er einnig forvitnilegt að skoða umsóknirnar með tilliti til þess hversu framkvæmdaglaðir umsækjendurnir hafa ætlað sér að vera. Bláa súlan sýnir áætlaðan heildarkostnað allra umsækjenda hverju sinni, rauða súlan heildarupphæðina sem sótt er um hverju sinni og græna súlan hversu miklum fjármunum var úthlutað.



Alls var heildarkostnaðaráætlunin rúmar 768 milljónir króna, sótt var um tæpar 245 milljónir og úthlutun nam alls tæpum 94 milljónum.

Samanburður milli íbúafjölda og fjölda styrkveitinga.



Blár pýramídi = íbúafjöldi - hlutfallsleg prósenta. **Rauður pýramídi** = fjöldi styrkja – hlutfallsleg prósenta.

Opnun sýningar í Byggðasafninu.

Við úthlutun verkefnastyrkja hefur menningarráðið aldrei litið til þess hvort einstök svæði koma vel eða illa út hvað umsóknir eða styrkveitingar varðar heldur hafa umsóknirnar sjálfar eingöngu ráðið úthlutun. Sé hins vegar Norðurlandi vestra skipt í þrjú svæði hvað varðar hlutfallsfjölda íbúanna og þau borin saman við heildarfjölda styrkja á hvert svæði þessi þrjú ár þá kemur skemmtilega á óvart hversu líkar súlurnar eru. Bendir það ótvírætt til þess að öflugt menningarstarf fari fram á öllu svæði menningarráðsins.

Heildarframlög til menningarmála

Í 4. grein menningarsamningsins er kveðið á um að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra beiti sér fyrir því að heildarframlög þeirra til menningarmála verði árlega að lágmarki 90 milljónir árin 2007-2009. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Árið 2007	182.551.886 kr.
Árið 2008	244.723.149 kr.
Árið 2009	208.056.000 kr. (skv. áætlun)

Á ofangreindu yfirliti sést að sveitarfélögin hafa staðið vel við þetta ákvæði.

Mat á árangri

Ljósmyndasýning á Skagaströnd.

Í menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga frá 2007, 9. gr., er ákvæði um heimild til framlengingar á samningnum „að loknu árangursmati sem fram skal fara vorið 2009“. Menningarráð óskaði eftir því við Háskólann á Hólum að taka að sér það verkefni og varð skólinn við þeirri beiðni. Réð skólinn Þórð Inga Bjarnason, BA ferðamála-fræðing, til verksins og vann hann það undir stjórn Guðrúnar Þóru Gunnars-dóttur, deildarstjóra ferðamáladeildar.

Skýrslan var afhent menningarráði í maí 2009 og er hægt að nálgast hana í heild sinni á heimasíðu ráðsins: www.ssnv.is/Menningarráð/Skýrslur/tabid/922/Default.aspx.

Í lokaorðum matsskýrslunnar segja höfundar svo:
Störf Menningarráðs Norðurlands vestra eru vel kynnt og auðvelt hefur verið að nálgast þær upplýsingar sem til þarf að leggja mat á þau. Gott samræmi virðist vera milli markmiða þeirra sem ráðinu eru sett í menningarsamningi og menningar-stefnu og áherslu í úthlutun styrkja. Hlutfallsleg skipting fjármuna milli aðila menningarsamningsins hefur staðist og rekstur ráðsins verið í samræmi við áætlanir. Ljóst er að tvö ár eru skammur tími til að vænta breytinga á menningarstarfi heils landshluta. Tónlist virðist hafa sérstöðu á svæðinu hvað varðar fjölda umsókna og styrkja, sem kemur ekki á óvart miðað við menningardagskrá svæðis þar sem kórastarf og tónlistariðkun ber hæst. Svæðið nær yfir þrjár sýslur og er greinilegt að ráðið hefur lagt áherslu á samstarf innan þeirra, en einmitt sú áhersla er einmitt eitt af fáum atriðum sem styrkþegi gerði athugasemd við. Það vekur til umhugsunar um hvort svæðið sé of stórt til að vera eitt starfssvæði varðandi þátttöku í undirbúningi og aðsókn að viðburðum.

Helga Rós Indriðadóttir söngkona og Guðrún Salómonsdóttir á tónleikum á Blönduósi.

Almenn ánægja virðist ríkja með starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og eru styrkþegar þeir, sem tóku þátt í könnuninni sammála um að Menningarráðið hafi skipt sköpum við undirbúning á menningarviðburðum á Norðurlandi vestra. Menningarráðið hefur stuðlað að meiri þátttöku í lista- og menningarstarfi og auðveldað einstaklingum að hrinda í framkvæmd nýjum hugmyndum sem lúta að menningarviðburðum. Þannig hefur ráðið án vafa stuðlað að því að lista- og menningarlífið á Norðurlandi vestra haldi áfram að vaxa, dafna og blómstra sem aldrei fyrr.

Sönglög á Sæluviku 2009.

Lokaorð

Menningarráð Norðurlands vestra og menningarfulltrúi vilja þakka fulltrúum ríkisvaldsins og sveitarfélögunum fyrir gott samstarf og lýsa yfir ánægju sinni með það fyrirkomulag að færa fjármuni og úthlutunarvald heim í hérað. Styrkhöfum eru færðar þakkir fyrir ánægjuleg samskipti. Einnig fær RARIK þakkir fyrir fjárstuðning við menningarstarf á svæðinu.

Nú er nýlokið undirritun nýs menningarsamnings fyrir árið 2010 og fagnar menningarráðið þeim áfanga. Jafnframt er hvatt til þess að hafinn verði undirbúningur að nýjum þriggja ára samningi milli sömu aðila sem gildi árin 2011-2013. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og því er full ástæða til að halda því áfram.

Að lokum er hér vitnað í greinargerð eins styrkhafa að loknu árangursríku verkefni sem ráðið styrkti en þar segir:

Markmiðum verkefnisins var fyllilega náð sem var að æfa og flytja þetta fallega verk með undirleik hljómsveitar ásamt einsöngvara. Báðir tónleikarnir heppnuðust vel og voru undirtektir áheyrenda mjög góðar.

Lykilatriðið er þó sá kraftur og sköpunargáfa sem verður til í grasrótinni og sprettur upp undir slíkum aðstæðum. Sá menningarvaki er verðmætasköpun er trauðla verður metin til fjár en skýtur stoðum undir jákvætt, kraftmikið og betra samfélag þar sem doðanum og afskiptaleysinu er ekki leyft að ná fótfestu.

Handverksnámskeið á Blönduósi.

Hvaða tækifæri eru í stöðunni?

Ljósmyndasýning á Hofsósi.

Fjallað um Elínborgu Lárusdóttur ritöfund.

Úthlutun verkefnastyrkja Menningarráðs Norðurlands vestra 3. apríl 2009

Fyrri umsóknarfrestur ársins 2009 um verkefnastyrki Menningarráðs Norðurlands vestra rann út 12. mars sl. Alls bárust 78 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 56 milljónum króna.

Á fundi sínum, 23. mars sl., ákvað menningarráðið að úthluta verkefnastyrkjum til 54 aðila alls að upphæð 20.350.000 kr.

Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

2.000.000 kr.	**Þórhallur Barðason, Helga Sigurhansdóttir, Ivano Tasin, Karitas Skarphéðinsdóttir Neff og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir** List án landamæra
1.000.000	**Útsaumur í sveitinni, Textílsetur Íslands og Landnám Ingimundar gamla** Vatnsdæla á refli
1.000.000	**Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði** Á Sturlungaslóð í Skagafirði
1.000.000	**Selasetur Íslands, Hvammstanga** Tvö verkefni: Endurnýjun sýninga Selasetursins í nýju húsnæði og Skráning sellátra og örnefna tengdum selum á Íslandi
1.000.000	**Byggðasafn Skagfirðinga** Þrjú verkefni: Fornleifafræðileg byggðarannsókn í Skagabyggð, Fornbyggð í Skagafirði – byggðasögurannsókn og Skráning, vistun heimilda og efnistaka og –vinnsla fyrir námskeið Fornverkaskólans
750.000	**Skotta – kvikmyndafélag ehf., Sauðárkróki** Menningartengd og staðbundin dagskrárgerð
750.000	**Hjalti Pálsson, Sauðárkróki** Varðveisla minjasafns Kristjáns Runólfssonar
750.000	**Sögusetur íslenska hestsins, Hólum** Grunnsýning um íslenska hestinn
750.000	**Sigríður Káradóttir, Sauðárkróki** Gestastofa sútarans á Sauðárkróki
600.000	**Karlakórinn Heimir, Skagafirði** Tvö verkefni: Rússalán – Rauðstakkar í Rússlandsferð og Heimisstofa í Menningarhúsinu Miðgarði
500.000	**Húnaþing vestra** Örnefnaskráning 2009
500.000	**Nes listamiðstöð, Skagaströnd** Myndlistarsýningar í Nesi listamiðstöð 2009

500.000	**Listasafn Skagfirðinga** Sýning listaverka Jóhannesar Geirs
500.000	**Sólveig Fjólmundsdóttir, Sauðárkróki** Töfratónar ævintýrakistunnar
500.000	**Ásdís Guðmundsdóttir, Sauðárkróki** Tónlist kvenna um víða veröld
500.000	**Sigurpáll Aðalsteinsson, Sauðárkróki** Tónlistarveisla í Sæluviku
500.000	**Dream Voices ehf., Skagafirði** Mónóóperurnar – Telephone og Waiting
500.000	**Vesturfarasetrið á Hofsósi** Hátíð vináttu og fjölskyldutengsla
500.000	**Unglingalandsmót UMFÍ 2009 á Sauðárkróki** Menningardagskrá
350.000	**Rökkurkórinn, Skagafirði** Tvö verkefni: Útgáfa geisladisks og Tónleikahald
250.000	**Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir** Á söguslóðum
250.000	**Sögufélag Skagfirðinga** Skagfirskar æviskrár 1910-1950, 7. bindi
250.000	**Bardúsa handverksgallerý** Efling starfsemi Bardúsa
250.000	**Hafíssetrið Blönduósi** Ísbjarnarævintýrið – uppbygging þekkingar- og fræðaseturs í hafís og hafísfræðum
250.000	**Verslunarminjasafn, Hvammstanga** Uppsetning sýninga og markaðsstarf
250.000	**Sveitarfélagið Skagaströnd** Síldarárin á Skagaströnd – ljósmyndasýning
250.000	**Kvenfélagið Ársól, Húnaþingi vestra** Þverárrétt – ljósmyndasýning
250.000	**Menningarnefnd Blönduósbæjar** Vökulögin 2009
250.000	**Stefán R Gíslason og Einar Þorvaldsson** Sönglög á Sæluviku
250.000	**Kirkjukórar Blönduóskirkju og Hólaneskirkju** Flutningur tónlistar úr Jesus Christ Superstar
250.000	**Kirkjukór Glaumbæjarprestakalls** Tónleikahald á Norðurlandi
250.000	**Hús frítímans – Sveitarfélagið Skagafjörður** Peace4life
250.000	**Jónsmessunefnd Hofsósi** Jónsmessuhátíð 2009

250.000	**Textílsetur Íslands, Blönduósi** Handverksnámskeið 2009
250.000	**Hestamannafélagið Þytur, Húnaþingi vestra** Reiðsýningar hjá börnum og unglingum
250.000	**Miðgarður – menningarhús, Skagafirði** Minningarstofa um Stefán Íslandi
150.000	**Leikfélag Sauðárkróks** Útgáfa afmælisrits
150.000	**Fornverkaskólinn, Skagafirði** Útgáfa upplýsingar- og kynningarbæklings
150.000	**Sigmar Jóhannsson, Skagafirði** Ljósmyndun og skráning búvéla- og búmunasafns
150.000	**Jón Rúnar Hilmarsson og Gunnar Freyr Steinsson** Út að austan – séð með augum áhugaljósmyndara
100.000	**Lafleur ehf., Sauðárkróki** Reiknaðu þig út – þýðingarstyrkur
100.000	**Háskólinn á Hólum – Ferðamáladeild** Gönguleiðir á Tröllaskaga I – endurgerð og útgáfa göngukorts
100.000	**Minjavörður Norðurlands vestra** Útgáfa bæklings um Jón Espólín
100.000	**Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi** Sumarsýning
100.000	**Félag harmonikuunnenda í Skagafirði** Hljómleikar og skemmtidagskrá með Ragnari Bjarnasyni
100.000	**Samkórinn Björk, A-Hún.** Söngur um sumarmál
100.000	**Guðmundur Helgason, Húnaþingi vestra** Nettur dúett
100.000	**Sönghópur félags eldri borgara í Skagafirði** Tónleikahald
100.000	**Dagrún Ísabella Leifsdóttir, Skagafirði** Söngur á Norðurlandi vestra
100.000	**Pálína Ósk Hraundal, Sauðárkróki** Litbrigði samfélagsins
100.000	**Sigrún Helga Indriðadóttir** Handverksnámskeið með íslensk hráefni í forgrunni
100.000	**Löngumýrarskóli, Skagafirði** Fyrirlestrarröð um stöðu kirkjunnar í fortíð, nútíð og framtíð
50.000	**Kristín Halla Bergsdóttir** Sumartónar – fiðlunámskeið
50.000	**Hollvinasamtök Efri-Núpskirkju** Elsku vinurinn góði – dagskrá um Skáld-Rósu

Úthlutun verkefnastyrkja Menningarráðs Norðurlands vestra 21. október 2009

Styrkhafar í apríl 2009.

Síðari umsóknarfrestur ársins 2009 um verkefnastyrki Menningarráðs Norðurlands vestra rann út 15. september sl. Alls bárust 65 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 47 milljónum króna.

Á fundi sínum, 7. október sl., ákvað menningarráðið að úthluta verkefnastyrkjum til 52 aðila alls að upphæð 18.300.000 kr.

Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

1.750.000 kr. Skotta ehf. kvikmyndafjelag
Tvö verkefni: Bjarni Har. og Dansað á fákspori

1.500.000 kr. Söngskóli Alexöndru, Tónlistarskóli A-Hún. og Tónlistarskóli V-Hún.
Draumaraddir norðursins

1.000.000 kr. Byggðasaga Skagafjarðar
Byggðasaga Skagafjarðar

1.000.000 kr. Sögusetur íslenska hestsins
Tvö verkefni: Íslenski hesturinn, yfirlitssýning til 1950 og Söfnun, skráning og skönnun heimilda um íslenska hestinn.

850.000 kr. Helga Rós Indriðadóttir
Tvö verkefni: Klassík 2010 – Óperutónleikar í Skagafirði og Sönglög Jórunnar Viðar- útgáfutónl.

750.000 kr. Nes listamiðstöð
Dvalar- og verkefnisstyrkir fyrir listamenn í Nes listamiðstöð 2010

500.000 kr. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga
Stafrænn ljósmyndagrunnur

500.000 kr. Sigríður Tryggvadóttir
Sumardagurinn fyrsti, heimildarmynd.

400.000 kr. Landnám Ingimundar gamla
Hljóðleiðsögn um slóðir Vatnsdælasögu

400.000 kr. Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna og Jenný Karlsdóttir
Altarisdúkar í íslenskum kirkjum.

400.000 kr. Jón Þorsteinn Reynisson
Tvö verkefni: Útgáfa geisladisks og Gömlu slagararnir

400.000 kr. Karlakórinn Heimir
Upp skaltu á kjöl klífa.

Styrkhafar í október 2009.

400.000 kr. **Fluga hf.**
Hrossaræktandinn
Sveinn Guðmundsson.
Ævi og störf.
Reiðhallarleiksýning.

400.000 kr. **Nemendafélag FNV**
Söngleikurinn Sódóma

400.000 kr. **Kvæðamannafélagið Vatnsnesingur**
Minnisvarði um Guðmund Bergþórsson

400.000 kr. **Vesturfarasetrið**
Minningarstofa um vestur-íslenska rithöfundinn Bill Holm.

350.000 kr. **Karlakórinn Lóuþrælar**
Tvö verkefni: Í vesturveg og Haust- og jólatónleikar

300.000 kr. **Elinborg Sigurgeirsdóttir**
Lauf, útgáfa geisladisks

300.000 kr. **Bróðir Svartúlfs**
Útgáfa geisladisks

250.000 kr. **Sögufélagið Húnvetningur og Ingi Heiðmar Jónsson**
Húnvetnskir ættstuðlar

250.000 kr. **Héraðsskjalasafn V-Hún.**
Ljóð húnvetnskra skáldkvenna dregin fram í dagsljósið

250.000 kr. **Lárus Ægir Guðmundsson**
Skip og bátar á Skagaströnd 1908-2008

250.000 kr. **Lafleur ehf.**
Hinn svali blær / Glíman við Glám

250.000 kr. **Háskólinn á Hólum – Hólarannsóknin**
Björgunarrannsókn við Kolkuós í Skagafirði

250.000 kr. **Sveitarfélagið Skagaströnd**
Stofnun ljósmyndasafns og söfnun eldri og yngri ljósmynda

250.000 kr. **Guðmundur Ólafsson**
Heimildarmyndagerð

250.000 kr. **Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga**
Skagfirska kirkjurannsóknin

250.000 kr. **Guðný Káradóttir, Valgeir Kárason o.fl.**
Raddir fólksins

250.000 kr. **Skagabyggð**
Örnefnaskráning í Skagabyggð

250.000 kr. **Fornverkaskólinn**
Uppbygging á aðbúnaði og aðstöðu Fornverkaskólans

250.000 kr. **Rósmundur Ingvarsson**
Fornleifaskráning í Skagafirði

250.000 kr.	**Jón Hilmarsson** Skín við sólu Skagafjörður – ljósmyndabók
250.000 kr.	**Róbert Óttarsson** Æskudraumar – útgáfa geisladisks
250.000 kr.	**Verslunarminjasafn Bardúsa, Grettistak og Ferðamálafélag V-Hún.** Forn handbrögð – handverksnámskeið
250.000 kr.	**Hólmfríður Bjarnadóttir** Hvalrekinn á Ánastöðum – einleikur
250.000 kr.	**Leikfélag Sauðárkróks** Barnaleikritið Rúi og Stúi
250.000 kr.	**Guðrún Brynleifsdóttir** Skotta – einleikur
200.000 kr.	**Kirkjukór Glaumbæjarprestakalls** Þýsk messa eftir Franz Schubert
200.000 kr.	**Skagfirski kammerkórinn** Á vetrarbraut
150.000 kr.	**Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi** Kynningar og markaðssetning Vefnaðarbókar Halldóru Bjarnadóttur
150.000 kr.	**Minningarsjóður Aðalheiðar E. Gunnarsdóttur** Styrktartónleikar
100.000 kr.	**Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Sauðárkróksbíó** Kvikmyndalestin RIFF um land allt
100.000 kr.	**Háskólinn á Hólum** Fornleifar í landi Keldudals – heimasíða
100.000 kr.	**Héraðsskjalasafn A-Hún.** Horfnir tímar – hver er maðurinn/staðurinn?
100.000 kr.	**Málmblásarakvintett Norðurlands og Karlakórinn Heimir** Kórbrass á aðventu
100.000 kr.	**Rökkurkórinn** Jólatónleikar
100.000 kr.	**Sönghópur Félags eldri borgara í Skagafirði** Skagfirskir tónar
100.000 kr.	**Kammerkór Norðurlands** Tónleikahald – íslensk kórtónlist
100.000 kr.	**Kirkjukór Sauðárkrókskirkju** Kirkjukvöld í Sæluviku
100.000 kr.	**Samkórinn Björk** Lúsíuhátíð
100.000 kr.	**Hestamannafélagið Neisti** Börn og unglingar á hestasýningum
100.000 kr.	**Matarkistan Skagafjörður** Málþing um íslenskan mat á MATUR-INN 2009.

Menningarráð Norðurlands vestra
Ársreikningur 2009

Menningarráð Norðurlands vestra
Bjarmanesi
545 Skagaströnd

kt. 601107-3170

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Menningarráð Norðurlands vestra er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæði sínu, að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra.

Tap varð af rekstri ráðsins á árinu að fjárhæð 2.866 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé ráðsins nam í árslok 2.699 þús. kr.

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning ráðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Skagaströnd, 15. mars 2010

Stjórn:

Guðrún Helgadóttir
Elín R. Líndal
Halldór H. Borgarsson
Pétur Jónsson
Bjarni Kr. Þórðarson

Menningarfulltrúi:

Ingibj. Guðmundsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ráðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31.desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 15. mars 2010

KPMG hf.

Kristján Jónsson

Ragna Sigrún Sigurðardóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Menningarráðs Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Skagaströnd, 15. mars 2010

Margrét Friðriksdóttir

Guðrún Rögnvaldsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur:			
Framlag ríkissjóðs		32.000.000	32.000.000
Framlög sveitarfélaga		10.062.500	6.726.459
Aðrar tekjur		1.060.659	1.100.000
		43.123.159	39.826.459
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar	2	36.100.000	34.800.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	7.439.505	7.104.167
Stjórnunarkostnaður	4	5.150.984	4.434.715
		48.690.489	46.338.882
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði		(5.567.330)	(6.512.423)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		3.081.346	3.335.036
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(380.478)	(347.724)
		2.700.868	2.987.312
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(2.866.462)	(3.525.111)

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Handbært fé		28.325.047	23.108.095
Veltufjármunir samtals		28.325.047	23.108.095
Eignir samtals		28.325.047	23.108.095
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		2.699.467	5.565.929
Eigið fé samtals	5	2.699.467	5.565.929
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir styrkir	2	25.100.000	17.200.000
Viðskiptaskuldir		482.470	342.166
Viðskiptareikningur við tengda aðila		43.110	0
Skammtímaskuldir samtals		25.625.580	17.542.166
Skuldir samtals		25.625.580	17.542.166
Eigið fé og skuldir samtals		28.325.047	23.108.095

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	(2.866.462)	(3.525.111)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun		8.083.414	9.475.979
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		8.083.414	9.475.979
Handbært fé frá rekstri		5.216.952	5.950.868
Hækkun á handbæru fé		5.216.952	5.950.868
Handbært fé í ársbyrjun		23.108.095	17.157.227
Handbært fé í lok ársins		28.325.047	23.108.095

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. ***Innlausn tekna***

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. *Styrkir*

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2009 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 38,65 millj. kr. en endurgreiddir eldri styrkir vegna verkefna sem ekki kláruðust námu 2,5 millj. kr. Samtals gjaldfærðir styrkir á árinu 2009 námu því 36,1 millj. kr. Ógreiddir styrkir í árslok námu 25,1 millj. kr. þar af námu ófrágengnir samningar samtals 2,6 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun	5.545.337	5.280.477
Stjórnarlaun (5)	518.750	500.000
Lífeyrissjóður	794.127	758.678
Tryggingagjald	454.941	379.141
Annar starfsmannakostnaður	126.350	185.871
	7.439.505	7.104.167

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2009	2008
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	571.600	839.869
Ökutækjastyrkur	380.880	560.793
Þátttaka í rekstrarkostnaði SSNV	500.000	500.000
Húsaleiga	556.200	469.332
Aðkeypt þjónusta	569.338	209.276
Auglýsingar og styrkir	479.996	186.628
Bifreiðakostnaður	1.539.348	797.784
Annar kostnaður	553.622	858.977
Gjaldfærður búnaður og rekstur tölvukerfa	0	12.056
	5.150.984	4.434.715

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2009	5.565.929
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.866.462)
Staða 31.12.2009	2.699.467

6. Önnur mál

Þann 1. maí 2007 var undirritaður samningur, um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál, af menntamálaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra. Samkvæmt samningnum skulu framlög ríkisins vera að lágmarki 30 millj. kr. árið 2007, 32 millj. kr. árið 2008 og 32 millj. kr. árið 2009. Menningarráð úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Núverandi samningurinn gildir til ársloka 2009, en fyrir liggja drög að endurnýjuðum samningi sem gildir til ársloka 2010.

Sundurliðanir

	2009	2008
Stjórnunarkostnaður		
Ökutækjastyrkur	380.880	560.793
Rekstarleiga og annar bifreiðakostnaður	1.539.348	797.784
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	571.600	839.869
Þátttaka í rekstrarkostnaði SSNV	500.000	500.000
Húsaleiga	556.200	469.332
Auglýsingar	479.996	186.628
Aðkeypt þjónusta	451.438	35.000
Ritföng, pappír og bréfabindi	319.768	236.042
Endurskoðun	117.900	83.975
Sími og internet	73.131	93.418
Póstburðargjöld	89.009	88.837
Bækur, tímarit og blöð	17.115	14.670
Styrkir og framlög	5.170	233.450
Flutningskostnaður	1.812	1.328
Annar kostnaður	47.617	3.249
Vátryggingar	0	4.379
Rekstur tölvukerfis	0	12.056
Fjölritun og ljósrit	0	183.604
Kostnaður við árskýrslugerð	0	90.301
	5.150.984	4.434.715